



Klébergsskóli – heildarmat á skólastarfi

maí 2011
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf	7
Námsárangur	7
Stjórnun	10
Skipulag skóladags	10
Samstarf við grenndarsamfélagið	11
Stefna og starfsáætlun	12
Nemendur og líðan	13
Stjórn nemendafélags	15
Reglur og agi	16
Viðvera nemenda	18
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	18
Verklag	22
Fjölbreyttar leiðir í námi	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	24
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir	24
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	26
Frístundaheimili	28
Skólaþróun og mat	29
Virk upplýsingamiðlun	30
Skólanámskrá og námsáætlanir	31
Heimasíða	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	32
Mannauður	34
Starfsánægja og líðan á vinnustað	34
Samstarf	35
Aðbúnaður	36
Símenntun og starfsþróun	36
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	37
Viðvera starfsmanna	37
Fjármál	39
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	39
Fjárhagsleg staða skólans	39
Greining	40
Samantekt ábendinga	40
Heimildir	50
Fylgiskjöl	50

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Klébergsskóla sem fram fór í mars 2011. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Klébergsskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2010-2011. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Klébergsskóla er Björgvin Þór Þórhallsson og aðstoðarskólastjóri Snorri Hauksson. Í Klébergsskóla eru 160 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Um 95% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Klébergsskóla. Samkvæmt nemendasþá er gert ráð fyrir að nemendum í Klébergsskóla fækki heldur á næstu árum og þar verði um 140 nemendur árið 2014.¹

Í skólanum starfa 38 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 33,6 stöðugildum, þar af kennarar í 14,3 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 4,8 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en í borginni í heild að meðaltali (7,1)². Ef aðeins er miðað við kennara í Klébergsskóla eru 11,2 nemandi á hvert stöðugildi sem er nær sama og í borginni að meðaltali (11,3).

Kennsla hófst í Klébergsskóla árið 1929 í elsta hluta skólahúsnæðisins, flestir hafa nemendur verið 189 árið 2005-2006 en fæstir 11 árið 1947. Klébergsskóli tilheyrði Kjalarnesi við yfirfærslu grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 en Reykjavíkurborg tók við rekstri skólans árið 1999 við sameiningu Reykjavíkur og Kjalarness. Um 15 nemendur úr Kjósarhreppi sækja einnig skólann og þjónar hann því tveimur sveitarfélögum. Akstur skólabíla er fyrir nemendur sem búa í dreifbýli á Kjalarnesi og í Kjós.

Skólahúsnæðið er að hluta nýlegt, en byggt var við skólann um 1980 og síðan aftur eftir að borgin tók við rekstrinum. Innri breytingum á elsta hluta skólans er þó ekki lokið en þar er bókasafn skólans, félagsaðstaða nemenda, tölvustofa og sérkennslustofa. Íþróttahús og sundlaug er við skólann og er sú aðstaða einnig opin almenningi.

Auk kennslurýma er í skólahúsinu fjölnotasalur og framleiðslueldhús (Einsetning grunnskóla 2002). Skólinn nýtir einnig og hefur umsjón með félagsheimili staðarins, Fólkvangi og í hluta þess húss þar sem áður var leikskóli er nú aðstaða fyrir frístundaheimili skólans. Einnig er tónlistarskóli Kjalarness starfræktur sem hluti af skólanum.

Heildarstærð skólans er um 2,575 m² án íþróttasalar.

¹ Nemendasþá gerð á Menntasviði haustið 2010.

² Inni í starfsmannatölu eru starfsmenn frístundar og félagsstarfs, þannig að ekki er sambærilegt við aðra grunnskóla.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 27 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2011.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |

- Skýrsluskil – formleg
- Upplýsingar til menntaráðs

vika 6
í lok annar

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2010-2011(eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2010-2011 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf


Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Klébergsskóla vorið 2010 og var niðurstaða þess að 60% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns³ en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 67%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Klébergsskóla vorið 2010 var 71% sem er aðeins undir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2009 var Klébergsskóli með meðalárangurinn 80% og þá gátu 77% nemenda lesið sér til gagns.




³ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er svipaður og í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (71% miðað við 72% í borginni allri) en lægra hlutfall nemenda í Klébergsskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (60% miðað við 67%) í borginni allri.
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er lakari en árið áður (80%) og hlutfallslega færri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (60% miðað við 77% árið áður).

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 30 grunnskólum í Reykjavík í nóvember 2011. Meðalárangur nemenda í Klébergsskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitalan 9.8 sem er lakari árangur en meðaltal allra grunnskólanna en það var 11,0. Í Klébergsskóla stóðust 50% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.



Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Klébergsskóla í nóvember 2010. Meðaltalsárangur var mælitalan 9.8 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 11.0.
- Í Klébergsskóla stóðust 50% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull⁴

Meðaltalsárangur nemenda í Klébergsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk bekk haustið 2010 er í öllum greinum nema stærðfræði í 4. bekk undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.

⁴ Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Klébergsskóla 2010 er ekki reiknaður þar sem nemendur eru aðeins 9. En að meðaltali eru framfarir í íslensku og stærðfræði í 7. bekk árin 2005-2010 1.00 (miklar sveiflur milli ára). Í 10. bekk er framfarastuðull 2010 í íslensku 0.93 sem bendir til mikilla breytinga á stöðu nemenda til hins verra, en í stærðfræði 1,1 sem bendir til mikilla breytinga á stöðu nemenda til hins betra (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

	4. bekkur í Klébergsskóla		Reykjavík	
	M 10	M 05-10	M 2010	
Íslenska	29,1	25,5	31,2	
Stærðfræði	31,5	23,6	30,5	

	7. bekkur í Klébergsskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	7. b. 2010
Íslenska	24,0	25,5	30,8	Ekki reiknaður
Stærðfræði	24,1	23,2	30,4	Ekki reiknaður

	10. bekkur Klébergsskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	10.b.2010
Íslenska	25,9	25,5	30,6	0,93
Stærðfræði	27,3	23,1	30,9	1,1
Enska	27,8	26,6	31	

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Klébergsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk bekk haustið 2010 er í öllum greinum nemastærðfræði í 4. bekk undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Að meðaltali eru framfarir í íslensku og stærðfræði í 7. bekk árin 2005-2010 1.00 (miklar sveiflur milli ára).
- Í 10. bekk er framfarastuðull 2010 í íslensku 0.93 sem bendir til mikilla breytinga á stöðu nemenda til hins verra, en í stærðfræði 1,1 sem bendir til mikilla breytinga á stöðu nemenda til hins betra.

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Klébergsskóli er í hópi þeirra skóla sem fá slakasta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var í meðallagi góð, 79% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt. Útkoma skólans er heldur lakari en í PISA 2006.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Klébergsskóli er í hópi þeirra skóla í Reykjavík sem fá slakasta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 79%.

Stjórnun

Skólastjóri leggur áherslu á samráð og lýðræðislega stjórnunarhætti og svigrúm kennara til að móta eigið starf. Hann vill efla sérstöðu skólans sem landsbyggðarskóla í borginni og nýta umhverfið í skólastarfinu, fjall og fjöru. Í viðtali við hann koma fram ýmsar hugmyndir að breytingum á skipulagi og starfsháttum sem þó hafa ekki komist í framkvæmd.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa mikið óformlegt samráð en ekki fasta fundartíma. Í vetur hefur verið starfandi stjórnunarteymi með þátttöku sérkennara og þriggja stigstjóra úr hópi kennara. Fram kemur hjá skólastjóra að á næsta skólaári verði verkaskipting stjórnenda endurskoðuð og gerðar nýjar starfslýsingar, hlutverk hans verði meiri bein afskipti af kennurum og kennslu en aðstoðarskólastjóri taki meiri skrifborðsvinnu en áður. Einnig hyggst hann endurskoða stjórnunarteymið.

Aðstoðarskólastjóri vinnur með umsjónarmanni húsa, hefur yfirumsjón með íþróttahúsi og sér um annað starfsfólk en kennara, að eigin sögn. Hann hefur einnig fyrstu aðkomu að agamálum nemenda.

Umsjónarmaður hefur umsjón með skólahúsunum þremur, félagsheimilinu Fólkvangi, húsnæði Kátakots, íþróttahúsi og sundlaug. Hann er næsti yfirmaður starfsmanna í ræstingu, sér um innkaup og minniháttar viðhald.

Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun en er ekki lýsandi fyrir skipalag stjórnunar. Starfslýsingar liggja ekki fyrir við matið og eru að sögn skólastjóra í endurskoðun ásamt ýmsum verkferlum sem „kominn er tími á að stokka upp“, hann vonast til að þessi gögn verði tilbúin fyrir haustið.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og kennarafundir þess á milli. Stigsfundir eru einnig vikulega á hverju stigi, einnig þetta fyrirkomulag er til endurskoðunar, skipt verði í tvö stig, eldri og yngri í stað þriggja þar sem skólinn er lítill og starfsmannafundum fækkað og komið á styttri upplýsingafundum að morgni.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 68% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 25% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Þessi niðurstaða er aðeins lægri en að meðaltali í borginni.

Í rýnihópi foreldra kemur fram að aðgengi að stjórnendum skólans sé gott, þeir bregðist fljótt við, svari tölvupósti og vinni almennt hratt með mál.

Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjórnendur vera aðgengilega og verkaskiptingu skýra, „ef þeir eru hér, eru þeir tilbúnir að tala við mann“. Nemendur í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum, skólastjórinn kemur í heimsókn í bekk og „segir fréttir“ og aðstoðarskólastjóri er sýnilegur í frímínútum úti og inni.

Skipulag skóladags

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 8:00-15:00, skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:15. Skóladegi lýkur kl.13:35 hjá 1.-4. bekk nema föstudag kl. 12:05. Í 5.-10. bekk lýkur skóladegi kl. 14:55 þrjá daga vikunnar, kl. 13:25 á fimmtudögum og 12:05 á föstudögum. Valgreinar í 8.-10. bekk raðast í lok dagsins. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar. Matarhlé og frímínútur í hádegi eru í 40 mínútur á bilinu frá 11:25-12:05 í 1.-7. bekk og 20 mínútna matarhlé hjá 8.-10. bekk.

Skóðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 29 tímar auk sundnámskeiða á haust- og vorönn, á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar og í 8.-10. bekk eru skráðir 37 tímar, þar af 6 tímar í valgreinar. Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á miðstigi og unglingastigi. Sundtímar falla inn í töflu nema á yngsta stigi.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Tónlistarskólinn á Klébergi starfar innan grunnskólans og undir stjórn skólastjóra hans og kennsla fer fram á skólatíma. Þrír kennarar eru við skólann og sjá þeir um blokkflautukennslu fyrir yngri nemendur og barnakór skv. upplýsingum á heimasíðu. Um fjórðungur nemenda grunnskólans eru í tónlistarskólanum og greiða foreldrar skólagjöld fyrir þá kennslu sem eru lág miðað við aðra tónlistarskóla. Kennarar tónlistarskólans hafa ekki komið að tónmenntakennslu við grunnskólann þó tónmenntakennara vanti. Skólastjóri telur að skýra þurfi skólanámskrá og námsmat við skólann.

Félagsstarf nemenda og frístundaheimili eru undir stjórn skólastjóra og tók hann við því með samningi milli ÍTR og Menntasviðs árið 2010.

Að sögn skólastjóra hefur orðið mikil vakning hjá íbúasamtökum á Kjalarnesi á síðasta ári og í ungmennafélaginu einnig, auk þess er starfrækt öflug björgunarsveit. Hann vill sjá skólann tengjast þessari uppbyggingu og verða miðpunktur í samstarfi þessara aðila.

Efnt var til Skólaþings á Kjalarnesi á vorönn 2011 að frumkvæði skólastjóra, í samstarfi við íbúasamtökin með þátttöku foreldra starfsmanna og nemenda.

Skólinn er í samstarfi við leikskólann á staðnum m.a. um Grænfánaverkefni sem fyrirhugað er að hefjist á umhverfisdaginn með flokkunarverkefni. Í kjölfarið mun skólinn sækja um Grænfánann. Einnig er samstarf við leikskólann um útikennslustofu. Upplýsingar um móttöku nemenda úr leikskólanum og gagnkvæmar heimsóknir nemenda koma fram í starfsáætlun skólans.

Félagsheimili staðarins er einnig undir umsjón skólastjóra sem hann telur þó óráð þar sem starfsemi þar tengist ekki skólastarfinu á neinn hátt heldur er nýtt af ýmsum félagasamtökum. Íþróttamannvirki og sundlaug er sömuleiðis undir stjórn og í umsjón skólans og er sundlaugin opin almenningi einnig.

Klébergsskóli tekur þátt í samstarfi grunnskóla í Grafarvogi, m.a. föstum fundum með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og orð af orði, auk þess sem skólarnir reka saman fardeild fyrir skólana í hverfinu sem er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólunum í borgarhluta 4 (Grafarvogi og Kjalarnesi).

Ábendingar

- Skólastjóri leggur áherslu á samráð og lýðræðislega stjórnunarhætti og svigrúm kennara til að móta eigið starf. Hann vill efla sérstöðu skólans sem landsbyggðarskóla í borginni og nýta umhverfið í skólastarfinu, fjall og fjöru.
- Í viðtali við hann koma fram ýmsar hugmyndir að breytingum á skipulagi og starfsháttum sem þó hafa ekki komist í framkvæmd.

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa mikið óformlegt samráð en ekki fasta fundartíma.
- Í vetur hefur verið starfandi stjórnunarteymi með þátttöku sérkennara og þriggja stigstjóra úr hópi kennara, þetta fyrirkomulag verður endurskoðað að sögn skólastjóra.
- Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun og á heimasíðu skólans en er ekki lýsandi fyrir skipulag stjórnunar. Starfslýsingar liggja ekki fyrir við matið og eru að sögn skólastjóra í endurskoðun ásamt ýmsum verkferlum.
- Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og kennarafundir þess á milli. Stigsfundir eru einnig vikulega á hverju stigi, einnig þetta fyrirkomulag er til endurskoðunar
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 68% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 25% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Þessi niðurstaða er aðeins lægri en að meðaltali í borginni.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að aðgengi að stjórnendum skólans sé gott, þeir bregðist fljótt við, svari tölvupósti og vinni almennt hratt með mál.
- Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjórnendur vera aðgengilega og verkaskiptingu skýra, „ef þeir eru hér, eru þeir tilbúnir að tala við mann“. Nemendur í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 29 tímar auk sundnámskeiða á haust- og vorönn, á töflu 5.-7. bekkja ýmist 35 nemendatímar og í 8.-10. bekk eru skráðir 37 tímar og í 10. bekk, þar af 6 tímar í valgreinar.
- Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á miðstigi og unglingastigi.
- Tónlistarskólinn á Klébergi starfar innan grunnskólans og undir stjórn skólastjóra hans og kennsla fer fram á skólatíma.
- Félagsstarf nemenda og frístundaheimili eru undir stjórn skólastjóra og tók hann við því með samningi milli ÍTR og Menntasviðs. Félagsheimili staðarins er einnig undir umsjón skólastjóra sem hann telur þó óráð þar sem starfsemi þar tengist ekki skólastarfinu á neinn hátt.
- Að sögn skólastjóra hefur orðið mikil vakning hjá íbúasamtökum á Kjalarnesi á síðasta ári og í ungmennafélaginu einnig auk þess öflug björgunarsveit er starfrækt. Hann vill sjá skólann tengjast þessari uppbyggingu og verða miðpunktur í samstarfi þessara aðila.
- Efnt var til Skólaþings á Kjalarnesi á vorönn 2011 að frumkvæði skólastjóra, í samstarfi við íbúasamtökin og með þátttöku foreldra starfsmanna og nemenda.
- Skólinn er í samstarfi við leikskólann á staðnum m.a. um Grænfánaverkefni og útikennslustofu. Upplýsingar um móttöku nemenda úr leikskólanum og gagnkvæmar heimsóknir nemenda koma fram í starfsáætlun skólans.
- Klébergsskóli tekur þátt í samstarfi grunnskóla í Grafarvogi, m.a. föstum fundum með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orð af orði.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Klébergsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur. Athugasemdir eru gerðar við nokkra þætti sem vantar (sjá meðfylgjandi gátlista um starfsáætlun).

Í starfsáætlun er sett fram uppeldis- og menntastefna Klébergsskóla. Einkunnarorð skólans eru Virðing- samvinna – Metnaður. Í starfi skólans á að ríkja virðing fyrir hverjum og einum, starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks og metnaði hvers einstaklings til að gera sitt besta. Einnig kemur fram að í starfi skólans eigi að leggja rækt við heimabyggð og nýta nánasta umhverfi til náms (Starfsáætlun Klébergsskóla, s.5-6).

Í viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins (84% sammála) og 68% eru ánægð með stefnuna, 32% segja hvorki né.

Að mati skólastjóra er þörf á endurskoðun á stefnu skólans, „hún rímar ekki við skólann“ og hann hyggst fara í þessar breytingar á næstunni og stuðla að því að foreldrar og starfsmenn vinni saman að stefnumótun undir hans leiðsögn.

Ábendingar

- Starfsáætlun Klébergsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Í starfsáætlun er sett fram uppeldis- og menntastefna Klébergsskóla. Einkunnarorð skólans eru Virðing- samvinna – Metnaður.
- Einnig kemur fram að í starfi skólans eigi að leggja rækt við heimabyggð og nýta nánasta umhverfi til náms.
- Í viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins (84% sammála) og 68% eru ánægð með stefnuna, 32% segja hvorki né.
- Að mati skólastjóra er þörf á endurskoðun á stefnu skólans, „hún rímar ekki við skólann“ og hann hyggst fara í þessar breytingar á næstunni.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Klébergsskóla sú að 59,6% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlseinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.⁵

Í könnun Skólapúlseins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Klébergsskóla í apríl 2011 fylgir ánægja af lestri landsmeðaltali og er í meðaltali í samanburði sambærilegra skóla. Áhugi á stærðfræði er aftur á móti töluvert undir meðaltali landsins og lægri nú en áður. Í samanburði sambærilegra skóla er skólinn með þeim neðstu hvað þennan þátt varðar.

⁵ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma verr út en áður (marktækur munur milli mælinga) og undir landsmeðaltali. Athygli vekur kynjamunur í spurningum sem varða líðan þar sem strákar koma betur út en stelpur. Spurning um einelti kemur einnig verr út en áður en ekki marktækt.

Spurningar í Skólapúlseinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma einnig verr út en áður (marktækur munur). Frá könnun í október er mesta breytingin á sambandi nemenda við kennara, stuðningi kennara við nemendur og mikilvægi heimavinnu þar sem skólinn er lægstur sambærilegra skóla.

Foreldrar í Klébergsskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 3,9 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel*. Líðan í frímínútum annarsvegar og í kennslustundum hinsvegar, meta foreldrarnir einnig uppá 3,9. Hér voru gildin í skólanum nánast hin sömu og árið 2008. Í öllum þremur tilvikum voru gildin hinsvegar lægri en meðaltöl borgarinnar (Foreldrakönnun 2010).

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti. Eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita kennurum stuðning við úrlausn eineltismála. Unnið er eftir áætlun um varnir gegn einelti samkvæmt kerfi Olweusar (Starfsáætlun Klébergsskóla).

Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 11,2% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti undanfarna mánuði og þar af 4,6% oft á viku (strákar). Það er töluvert herra en gerist í öðrum skólum. Algengast er eineltið á miðstigi. Þrír nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti í eitt ár eða lengur. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.

Af 54 foreldrum í Klébergsskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 23 eða 43%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Af þeim 23 foreldrum sem sögðu já, svöruðu 21 foreldri spurningu um hvernig brugðist hefði verið við eineltinu af hendi skólans. Fjórir (19%) sögðu að skólinn hefði brugðist *fljótt og vel* við eineltinu, flestir eða þrettán (62%) sögðu að skólinn hefði brugðist *vel en ekki nógu fljótt* við en fjórir (19%) sögðu að skólinn *hefði ekki tekið á málinu*. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var svipuð niðurstöðunni í borginni. Foreldrar í rýnihópi tala um að einelti sé „nokkuð algengt“ í skólanum.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum eða ágætlega svona almennt, „nema þegar verið er að stríða“, og fram kemur að allir eru góðir vinir en „þeim sem er strítt eru óvinsælir eða öðruvísi“. Þau kannast við einelti en segja að bæði krakkar og kennarar reyni að stoppa það. Nemendur í unglingadeild telja að einelti sé hætt, „einum strák var strítt en núna er hann mikið einn“. Þeim finnst ekki nógu vel tekið á eineltismálum.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru „fínir“ og „skemmtilegir“ en gagnrýnust eru þau á unglingastigi og segja að sumir kennarar geri upp á milli nemenda og „einn kennari leggur annan í einelti“. Góður kennari er með góðan hómor og ekki pirraður, segja þau.

Ábendingar

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í

Klébergsskóla sýna að 59,6% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).

- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Klébergsskóla í apríl 2011 fylgir ánægja af lestri landsmeðaltali. Áhugi á stærðfræði er aftur á móti töluvert undir meðaltali landsins og lægri nú en áður.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma verr út og áður (marktækur munur milli mælinga) og undir landsmeðaltali.
- Foreldrar barna í Klébergsskóla máta líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 3,9 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 11.1% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti sem er töluvert hærra en almennt gerist. Einelti mælist mest á miðstigi. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.
- Spurning um einelti kemur einnig verr út í Skólapúlsinum en áður en ekki marktækt þó, einelti mælist meira í apríl en í síðustu mælingu (október).
- Þrír nemendur sefast í Olweusarkönnun hafa verið lagðir í einelti í eitt ár eða lengur.
- Af 54 foreldrum í Klébergsskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 43%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Foreldrar í rýnihópi tala um að einelti sé „nokkuð algengt“ í skólanum.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum eða ágætlega svona almennt, „nema þegar verið er að stríða“. Nemendur í unglingadeild telja að einelti sé hætt, „einum strák var strítt en núna er hann mikið einn“. Þeim finnst ekki nógu vel tekið á eineltismálum.

- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru „fínir“ og „skemmtilegir“ en gagnrýnust eru þau á unglingastigi og segja að sumir kennarar geri upp á milli nemenda og „einn kennari leggur annan í einelti“. Góður kennari er með góðan hómor og ekki pirraður, segja þau.

Stjórn nemendafélags

Sjö fulltrúar úr 8. -10. bekk mynda stjórn nemendafélags Klébergsskóla, tveir drengir og fimm stúlkur. Kjör þeirra fer þannig fram að hver bekkur kys sinn fulltrúa og að auki eru kjörnir þrír fulltrúar í stjórn sem formenn skreytinga-, tónlistar-, og auglýsinganefnda sem allir geta kosið. Þar að auki geta allir kosið formann stjórnarinnar. Haldinn er sérstakur kjördagur og þeir sem vilja bjóða sig fram halda kynningu. Þó nokkur áhugi er á þátttöku meðal nemenda.

Starfsmenn heildarmats sátu fund stjórnarinnar á fundartíma. Á fundinum voru allir fulltrúarnir mættir ásamt kennara í unglingadeild sem hefur umsjón með starfi stjórnarinnar. Að auki starfar einn starfsmaður félagsmiðstöðvar með stjórninni en var fjarverandi þegar fundurinn var haldinn. Á fundinum var aðalræðuefnið skíðaferð sem nemendur voru að fara í nokkrum dögum seinna. Reglur í ferðinni voru til umræðu og einnig hvað ætti að gera. Einnig var rætt um opið hús sem átti að vera sama kvöld og farið fram og tilbaka í umræðu um þessa tvo viðburði. Nemendur voru mjög áhugasamir og komu með hugmyndir, töluðu nokkuð hvert ofan í annað en tóku virkan þátt í umræðunni fyrir utan tvo nemendur sem tóku

lítinn þátt en kennari gætti þess að gefa þeim kost á að tjá sig líka. Ekki var skrifuð fundargerð á fundinum og ekki er send út dagskrá fyrir fundina.

Eftir fundinn var rætt við nemendur í stjórninni um starf stjórnarinnar. Þau sögðust einnig vera með dagskrá fyrir yngri nemendur en þeirra aðalhlutverk væri að skipuleggja viðburði og félagsstarf í unglingadeildinni. Þau hafa það hlutverk að byggja upp jákvæðni gagnvart félagslífinu og hvetja aðra nemendur til þátttöku. Þau sögðu þátttökuna vera þokkalega, hefði samt áður verið meiri, en þau reyndu ýmsar leiðir. Starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar væri t.d. með síðu á facebook fyrir stjórnina og auglýsti starfið og viðburði þar. Félagsmiðstöðin er opin frá kl. 7-10 á kvöldin fjórum sinnum í viku.

Nemendurnir voru ánægð með hlutverk sitt í stjórninni en sögðu félagsstarfið hafa farið of seint af stað í vetur. Það hafi t.d. verið kosið seint í nefndir sem varð þess valdandi að þau misstu af viðburðum, s.s. Landsmótinu sem þau höfðu hlakkað mikið til að taka þátt í. Einnig hefði ekki tekist að halda böll fyrr en kom að jólaballinu og þannig hafi lítið farið fyrir félagsstarfinu fyrir áramót. Fámenni í unglingadeildinni bar á góma og sögðu nemendur það vera galla að vera ekki í meiri samskiptum við aðra skóla í Grafarvogi en áður hafi verið meira um sameiginlegar uppákomur. Unglingadeildin í Klébergsskóla er fámenn og því fáir sem mæta á viðburði og nemendum þætti mikill akkur í því að meira samstarf væri áfram við aðra skóla eins og áður var. Einnig komu fram ábendingar frá nemendum að þeir myndu vilja bera meiri ábyrgð, t.d. varðandi rekstur sjoppunnar. Sá sem var kjörinn af nemendum í sjoppunefnd kemur að sögn lítið að rekstrarlega hlutanum en tekjuafgangi er að þeirra sögn varið í að kaupa mat og fleira fyrir krakkana í félagsstarfinu. Það kom skýrt fram að nemendurnir vilja bera meiri ábyrgð sjálf á þessum hluta og þeim fyndist oft ganga fullhægt að vinna eftir þeim hugmyndum sem þau leggðu fram.

Einn fulltrúi í stjórninni situr einnig í skólaráði og sagði hún kennara hafa valið fulltrúa nemenda í skólaráðið.

Ábendingar

- Fundur sem fulltrúar heildarmats sátu með stjórn nemendafélagsins fór vel fram, nemendur voru áhugasamir og nokkuð virkir í umræðu en meiri stjórn hefði mátt vera á umræðunum.
- Að sögn nemenda í stjórninni er þátttaka í félagsstarfinu nokkuð góð.
- Það kom fram að félagsstarfið hefði farið seint af stað í vetur þar sem kjör í nefndir hefði ekki farið fram strax að hausti.
- Fulltrúarnir í stjórninni lýstu yfir áhuga á því að bera meiri ábyrgð, t.d. á fjármálum tengdum sjoppurekstri.
- Nemendur hafa áhuga á meira samstarfi um böll og viðburði við aðra skóla, t.d. í Grafarvogi eins og áður var.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.

Reglur og agi

Í Klébergsskóla er lögð áhersla á að framkoma nemenda, umgengni, ástundun og stundvísi sé góð. Reglur skólans taka mið af þessu, segir í starfsáætlun, kafla um skólareglur. Á hverju stigi setja umsjónarkennarar almennar umgengnis- og samskiptareglur í samráði við nemendur sína (Starfsáætlun, s. 15). Almennar skólareglur eru í fjórum köflum; framkoma;

umgengni; ástundun og stundvísi og neysla ávana- og fíkniefna. Bekkjarreglur eru uppi við í flestum skólastofum. Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og nágildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000).

Gerðir eru svokallaðir námssamningar við alla nemendur á unglingastigi sem forráðamaður og nemandi skrifa undir. Fram kemur að samningnum er ætlað að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með samráði og tryggja að foreldrar styðji við og fylgist með skólagöngu og námsframvindu barna sinna. Vísað er í verklagsreglur skólans um lausn agamála (Starfsáætlun, s. 40).

Fram kemur að unnið er eftir fjögurra þrepa agakerfi fyrir 1.-7. bekk þar eru aðgerðir skólans skilgreindar og tilgreint hver ber ábyrgð á málinu á hverju þrepi. Ekki kemur nógu skýrt fram að viðurlögin hvetji til bættrar hegðunar eða að gætt sé hófs við beitingu þeirra. Hlutfallslega mörg úrlausnarmál vegna agavanda eða ágreinings heimila og skóla koma upp í Klébergsskóla miðað við sambærilega skóla í borginni. Því er vert að hvetja skólann til að endurskoða meðferð agamála í ljósi laga og nýrrar reglugerðar sem væntanleg er.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt séu samskipti við nemendur góð en lítill hópur sem á við hegðunarvanda að etja tekur tíma frá öðrum „allt púðrið fer í að eiga við þessa einstaklinga“ og ekki hlúð nógu vel að þeim sem vilja læra.

Fram kemur í rýnihópi kennara að bekkjarreglur séu sýnilegar fremur en skólareglur sem eru að þeirra mati ekki „fljótlesnar“. Starfsmenn í rýnihópi segja skólareglur skýrar en ekki sé farið eftir þeim og þær „sveigðar til að hafa meiri frið“, þeim finnst heldur ekki tekið markvisst á agabrotum og of seint tekið á alvarlegum agabrotum.

Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og viðurlög við brotum á þeim og hafa ekki athugasemdir nema á unglingastigi finnst þeim að leyfa mætti síma og á miðstigi gera þau athugasemdir við reglur um battavöllinn sem eru ósanngjarnar að þeirra mati. Þau vita öll að nemendur sem brjóta reglurnar fara til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra og sum aftur og aftur og þá „virkar það ekki“, segja þau.

Nemendur í rýnihópum tala um „mikil læti“ og „mikið ónæði“ í ákveðnum bekkjum.

Nemendum finnst að það mætti hrósa meira en starfsmönnum í rýnihópi að hrósið sé mikið notað og jafnvel ofnotað.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið, á þessu voru þó nokkrar undantekningar (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 71% svarenda í Klébergsskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%). Foreldrar í rýnihópi segja mikið agaleysi í skólanum bæði vegna þess að foreldrar fylgi því ekki eftir heima að aga börn sín og einnig vegna þess að skólinn taki ekki nógu hart á agamálum.

Ábendingar

- Í Klébergsskóla er lögð áhersla á að framkoma nemenda, umgengni, ástundun og stundvísi sé góð. Reglur skólans taka mið af þessu.

- Almennar skólareglur eru í fjórum köflum; framkoma; umgengni; ástundun og stundvísi og neysla ávana- og fíkniefna. Bekkjarreglur eru uppi við í flestum skólstofum.
- Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og nágildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000).
- Fram kemur að unnið er eftir fjögurra þrepa agakerfi fyrir 1.-7. bekk þar eru aðgerðir skólans skilgreindar og tilgreint hver ber ábyrgð á málinu á hverju þrepi. Ekki kemur nógu skýrt fram að viðurlögin hvetji til bættrar hegðunar eða að gætt sé hófs við beitingu þeirra.
- Hlutfallslega mörg úrlausnarmál vegna agavanda eða ágreinings heimila og skóla koma upp í Klébergsskóla miðað við sambærilega skóla í borginni. Því er vert að hvetja skólann til að endurskoða meðferð agamála.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt séu samskipti við nemendur góð en lítill hópur sem á við hegðunarvanda að etja tekur tíma frá öðrum „allt þúðrið fer í að eiga við þessa einstaklinga“ og ekki hlúð nógu vel að þeim sem vilja læra, þeim finnst heldur ekki tekið markvisst á agabrotum og of seint tekið á alvarlegum agabrotum.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og viðurlög við brotum á þeim. Þau vita að nemendur sem brjóta reglurnar fara til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra og sum aftur og aftur og þá „virkar það ekki“, segja þau.
- Nemendur í rýnihópum tala um „mikil læti“ og „mikið ónæði“ í ákveðnum bekkjum og þeim finnst að það mætti hrósa meira.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið, á þessu voru þó nokkrar undantekningar (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 71% svarenda í Klébergsskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Foreldrar í rýnihópi segja mikið agaleysi í skólanum bæði vegna þess að foreldrar fylgi því ekki eftir heima að aga börn sín og einnig vegna þess að skólinn taki ekki nógu hart á agamálum.

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á haustönn 2010 eftir árgöngum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglingadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í 9. bekknum og leyfi í 10. bekknum.

Ábendingar

- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglingadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í 9. bekknum og leyfi í 10. bekknum.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í starfsáætlun Klébergsskóla er kafli um samstarf við foreldra, þar er lögð áhersla á gagnkvæmar upplýsingar heimilis og skóla um líðan nemanda, framfarir, vinnu, og viðfangsefni í skóla og heima. Þetta bætir frammistöðu og sjálfstraust barnsins og eykur jákvæðni milli aðila (Starfsáætlun, s. 18).

Í foreldrakönnuninni veturinn 2010 svöruðu 60 foreldrar í Klébergsskóla könnuninni af 93 í úrtaki, sem er 65% svörun. Svarhlutfallið var hið sama fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 156 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 39% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Í heildina fær skólinn viðunandi útkomu í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Meira en tveir af hverjum þremur voru ánægðir með skólann og telja honum vera vel stjórnað, ánægja með umsjónarkennara var mikil og mat á líðan barnanna, agamálum, magn heimavinnu og námslegum kröfum var vel ásættanlegt. Þrátt fyrir þetta var skólinn oftast ekki undir meðaltölum borgarinnar, einelti mældist allnokkuð auk þess sem meðaltöl varðandi ánægju með skólann og mat á stjórnun skólans hafa lækkað nokkuð á milli kannanna.

Helstu niðurstöður voru þær að 65% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 23% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið í Klébergsskóla var á bilinu 74-78% í könnunum frá 2000-2004 en datt niður í 56% í könnuninni 2006. Ánægjuhlutfallið fór aftur upp á við og náði nánast fyrri hæðum í könnuninni 2008 en þá var það 73%. Hlutfallið lækkaði því aftur árið 2010 þegar það fór, eins og áður sagði, í 65%. Á kvarðanum 1 til 5 lækkaði skólinn um 0,1 frá 2008 til 2010, fór úr 3,8 í 3,7. Skólinn var 0,4 undir meðaltalsánægjunni í borginni allri árið 2010.

Í spurningu um stjórnun skólans töldu 68% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 25% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Á tímabilinu 2000-2008 hækkaði hlutfall þeirra foreldra sem töldu skólanum vera vel stjórnað jafnt og þétt í hverri könnun, fór úr 43% árið 2000 í 85% árið 2008. Árið 2010 lækkaði hlutfallið hinsvegar í fyrsta skipti á milli kannanna í 68%. Á kvarðanum 1 til 5 lækkaði skólinn um 0,3 á milli mælinganna 2008 og 2010, úr 4,1 í 3,8. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því 0,2 undir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri. Í helstu sex spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölin í fjórum tilvikum fjórir og þar yfir. Í fjórum tilvikum voru meðaltöl hinsvegar lægri en þau voru í könnuninni 2008 og í hinum tveimur tilvikunum voru meðaltölin hin sömu. Þá voru í öllum þessum sex tilvikum meðaltölin í Klébergsskóla lægri en meðaltöl borgarinnar fyrir árið 2010.

Um 86% svarenda fannst magn heimavinnu barns síns *hæfileg*, 76% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 71% fannst hið sama um agann. Skólinn var hér hærri en Reykjavík öll vegna spurningar um magn heimavinnu en lægri vegna spurninga um námslegar kröfur og aga.

Sé miðað við könnunina 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar almennt ástand húsnæðis og aðstöðu til íþróttaiðkunar hækkað en lækkað lítillega þegar kemur að aðstöðu til að matast og leikaðstöðu á skólalóð. Meðaltöl skólans eru hér oftast hærri en meðaltölin í borginni.

Foreldrar í rýnihópi segja samstarf við kennara misgott og mismiklar upplýsingar sem koma frá þeim um nám, kennslu og málefni einstaklinga, þeim finnst vanta skýrar reglur um upplýsingamiðlun frá kennara til foreldra. Foreldrar í rýnihópi eru gagnrýnir á kennslu og

árangur nemenda og telja að skólinn ætti að geta gert betur með litla hópa nemenda. Þeir lýsa jafnframt ánægju sinni með áttak í lestrarkennslu í yngri bekkjum.

Víða í gögnum kemur fram að hópur foreldra sé neikvæður gagnvart skólanum almennt og/eða einstaka kennurum, sumir þeirra hafa tekið börn sín úr skólanum meðan aðrir „sitja heima og tuða“, segir í rýnihópi foreldra. Skólastjóri nefnir að í alltof mörgum tilvikum hafi orðið trúnaðarrestur milli heimilis og skóla og það hefur komið honum í opna skjöldu hversu neikvætt viðhorf sumra foreldra er til skólans.

Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er Byrjendalæsið og að hafa tónlistarskólann á skólatíma svo og heimilisfræðikennslan og útikennslustofan. Aftur á móti segja þau að bæta þurfi starfið í félagsmiðstöðinni sem hafi dalað eftir sameiningu ÍTR og skólans.

Foreldrarnir benda einnig á að taka þurfi meira tillit til staðsetningar skólans og auka fjármagn til vettvangsferða til að skólinn standi jafnfætis öðrum.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.

Foreldrar í rýnihópi telja sig ekki þekkja hlutverk ráðsins nægilega vel og skólastjóri segir að nokkurn tíma hafi tekið að upplýsa skólaráð um það til hvers er ætlast af því. Nýlega hefur hann tekið það upp að funda sameiginlega með stjórn foreldrafélags og skólaráði til að halda öllum upplýstum.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, í starfsáætlun skólans kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn eru félagar og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra. Hlutverk þeirra er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, umsjónarkennara og nemenda. Í rýnihópi foreldra kemur fram að mæting á fundi og fyrirlestra foreldrafélagsins sé afar slök og bekkjarstarf með foreldrum mismikið en vinahópar eru þó í yngstu bekkjunum.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um stjórn félagsins og helstu verkefni þess.

Ábendingar

- Í starfsáætlun Klébergsskóla er kafli um samstarf við foreldra, þar er lögð áhersla á gagnkvæmar upplýsingar heimilis og skóla um líðan nemanda, framfarir, vinnu, og viðfangsefni í skóla og heima
- Í heildina fær skólinn viðunandi útkomu í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Meira en tveir af hverjum þremur voru ánægðir með skólann og telja honum vera vel stjórnað, ánægja með umsjónarkennara var mikil og mat á líðan barnanna, agamálum, magn heimavinnu og námslegum kröfum var vel ásættanlegt.
- Þrátt fyrir þetta var skólinn oftast ekki undir meðaltölum borgarinnar, einelti mældist allnokkuð auk þess sem meðaltöl varðandi ánægju með skólann og mat á stjórnun skólans hafa lækkað nokkuð á milli kannanna.
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun veturinn 2010 voru þær að 65% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 23% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 3,8 (af 5) í Klébergsskóla sem er lægra en að meðaltali í borginni allri (4.1).

- Í spurningu um stjórnun skólans töldu 68% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 25% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri, en meðaltölin í Klébergsskóla þó lægri en meðaltöl borgarinnar.
- Um 86% svarenda fannst magn heimavinnu barns síns *hæfileg*, 76% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 71% fannst hið sama um agann.
- Sé miðað við könnunina 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar almennt ástand húsnæðis og aðstöðu til íþróttaiðkunar hækkað en lækkað lítillega þegar kemur að aðstöðu til að matast og leikaðstöðu á skólalóð.
- Foreldrar í rýnihópi segja samstarf við kennara misgott og mismiklar upplýsingar sem koma frá þeim um nám, kennslu og málefni einstaklinga, þeim finnst vanta skýrar reglur um upplýsingamiðlun frá kennara til foreldra.
- Foreldrar í rýnihópi eru gagnrýnir á kennslu og árangur nemenda og telja að skólinn ætti að geta gert betur með litla hópa nemenda. Þeir lýsa jafnframt ánægju sinni með átak í lestrarkennslu í yngri bekkjum.
- Víða í gögnum kemur fram að hópur foreldra sé neikvæður gagnvart skólanum almennt og/eða einstaka kennurum, sumir þeirra hafa tekið börn sín úr skólanum meðan aðrir „sitja heima og tuða“, segir í rýnihópi foreldra.
- Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er byrjendalæsið og að hafa tónlistarskólann á skólatíma svo og heimilisfræðikennslan og útikennslustofan. Aftur á móti segja þau að bæta þurfi starfið í félagsmiðstöðinni sem hafi dalað eftir sameiningu ÍTR og skólans.
- Foreldrarnir benda einnig á að taka þurfi meira tillit til staðsetningar skólans og auka fjármagn til vettvangsferða til að skólinn standi jafnfætis öðrum.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi telja sig ekki þekkja hlutverk ráðsins nægilega vel og skólastjóri segir að nokkurn tíma hafi tekið að upplýsa skólaráð um það til hvers er ætlast af því.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, í starfsáætlun skólans kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn eru félagar og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Gildi skólans eru: *Virðing – samvinna - metnaður*, þar sem í starfi skólans á að ríkja virðing fyrir hverjum og einum, starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans og metnaði hvers einstaklings til að gera sitt besta, eins og segir í uppeldis- og menntastefnu skólans sem birt er á heimasíðu hans. Í skólanámskrá sem einnig er birt á heimasíðunni kemur fram að aðaláhersla í skólastarfinu sé á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytt námsmat og fjölbreyttar kennsluaðferðir, hópastarf og samkennslu. Í námsvísunum árganga og greina koma víða fram fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum.

Á yngsta stigi er áhersla er fjölbreytta móðurmálsvinnu og samþættingu náttúrufræði og samfélagsfræði í þemaverkefnum. Þá er jafnframt áhersla lögð á skapandi verkefni og hópasamvinnu. Afrakstur af samþættnum verkefnum nemenda á yngsta stigi var víða sýnilegur á veggjum skólans þegar skólinn var heimsóttur.

Nemendur 5.-7. bekkjar eru í þremur bekkjardeildum og hefur hver bekkur sína heimastofu. Í efnisyfirliti í skólanámskrá miðstigs á heimasíðu skólans er gert ráð fyrir umfjöllun um samkennslu, hringeikju og smiðjur, en þá umfjöllun vantar í skjalið.

Mikil samvinna er milli kennara sem kenna íslensku og stærðfræði á unglingastigi og nemendum skipt í hópa þvert á árganga. Í samfélagsfræði er 8.-10. bekk blandað og skipt eftir kynjum á móti íþróttakennslu. Aðrar námsgreinar eru kenndar í hverjum árgangi fyrir sig, náttúrufræði og tungumálin. Hver bekkur á sína heimastofu en hópar fara þó töluvert á milli stofa.

Í náms- og kennsluáætlunum er í sumum greinum lýst kennsluaðferðum og vinnubrögðum meðan í öðrum er aðeins tilgreint hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku.

Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði eru aðferðir sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara einnig útikennslan sem verið er að innleiða. Foreldrar virðast ánægðir með Byrjendalæsið, list- og verkgreinar, tónlistarkennslu á skólatíma og útikennsluna en kennarar telja að samkennsla árganga í list- og verkgreinum sé ekki alltaf auðveld í framkvæmd.

Í skólanámskrá yngsta stigs kemur fram að nemendur fá heimanámsáætlun og bækur að vinna í heim á föstudögum og eiga að skila þeim í síðasta lagi á miðvikudegi næstu viku. Í efnisyfirliti fyrir skólanámskrá miðstigs er gert ráð fyrir kafla um heimanám en hann fyrirfinnst ekki í skjalinu sjálfu. Nemendum á miðstigi finnst heimanámið hæfilegt. Í skólanámskrá unglingastigs kemur fram að áhersla sé á að fylgja áætlun kennarans og að stundi nemendur námið vel í skólanum þurfi þeir minna að vinna heima. Nemendur og foreldrar geta fylgst með ástundun í gegnum Mentor en þar er einnig að finna heimavinnuáætlun. Nemendur í rýnihópi staðfestu þetta en telja að heimanámið sé mismikið eftir námsgreinum.

Í skólanámskrá kemur fram að á unglingastigi skrifar hver nemandi, kennari, foreldri og skólastjóri undir námssamning að hausti sem er ætlaður til að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla og tryggja að foreldrar styðji við og fylgist með skólagöngu og námsframvindu barna sinna.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 40% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 20% stunda, verklegt og sköpun og tjáning var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinna eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 5 tilvikum af 34 eða í um 15 % tilvika. Kennsluaðferðir virtust fjölbreyttari á yngsta og miðstigi en hjá unglingum.⁶

	1.-4.b.	5.-7. b.	8.-10.b.	List- og verkgreinar	Alls
Bein kennsla/innlögn/umræður	2	2	2	1	7
Verkefnavinna undir stjórn kennara	3	4	7		14
Þemavinna	2				2
Verklegt-				3	3
Sköpun - tjáning				1	1
Tilraunir		1			1
Markviss samvinna í hóp	1	1	2		4
Sjálfstæð vinna nemenda, að e-u leyti að eigin vali	1				1
Bekkjarsfundur		1			1

Í foreldrakönnun 2010 fannst um 86% svarenda í Klébergsskóla magn heimavinnu barns síns *hæfilegt* og 76% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar*. Skólinn var hærri en Reykjavík vegna spurningar um magn heimavinnu en lægri vegna spurninga um námslegar kröfur.

Sérstaða skólans

Það markar sérstöðu skólans að hann er í landsbyggðarskóli í borginni og hluti nemenda býr í dreifbýli. Í viðtölum og rýnihópum kemur fram að stjórnendur og starfsmenn vilja gjarnan nýta þessa sérstöðu með nýrri útikennslustofu og umsókn um að verða Grænfánaskóli og heilsueflandi skóli. Í stefnumótun skólans sér þessa ekki ennþá stað.

List- og verkgreinar

Samkvæmt skólanámskrá miðstigs er nemendum skipt í árgangablandaða námshópa í list- og verkgreinum og íþróttum, þetta fer þó eftir stærð árganga og aðstæðum hverju sinni. Tveir til þrír árgangar eru saman í íþróttum í hverjum tíma og skipt eftir kynjum. Í unglingadeild eru

⁶ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.

list- og verkgreinar í vali. Engin tónmenntakennsla er við skólann en um 40% nemendahópsins stunda nám við tónlistarskólann.

Valgreinar

Í skólanámskrá unglingastigs kemur fram að í Klébergsskóla séu 6 kennslustundir skilgreindar sem formlegt val á unglingastigi. Námsgreinarnar eru mismunandi á milli skólaára. Boðið er upp á val í 11 námshópum á skólaárinu 2010-2011, þar af er um helmingur í ýmsum list- og verkgreinum.

Skólasafn

Skólasafnið er staðsett á 1. hæð í gömlu skólabyggingunni. Opnunartími er á mánudagsmorgnum í tæpa tvo tíma þá geta nemendur komið og fengið lánaðar bækur. Kennarar geta komið á safnið með hópá utan þess tíma. Samkvæmt upplýsingum í starfsáætlun er yngri nemendum kynnt uppbygging safnsins og þeir vinna verkefni tengd notkun þess auk þess sem nemendur fá aðstoð við heimildaöflun og notkun.

Námsmat

Í skólanámskrá kemur fram að námsmat sé fjölbreytt og ólíkt eftir greinum og árgöngum. Víða kemur fram áhersla á að meta virkni og vinnu nemenda með símati auk prófa. Í unglingadeildum byggir námsmat mest á skilaverkefnum og prófum (Skólanámskrá Klébergsskóla). Í íþróttum gildir hegðun og mæting 60% af einkunn á móti 40% fyrir getu/frammistöðu.

Á vitnisburðarblöðum kemur fram lokaeinkunn fyrir önnina í orðum á yngsta stigi en í heilum og hálfum tölum frá 1-10 á miðstigi og unglingastigi. Rúm er á blaðinu fyrir umsögn eða skýringu á einkunn í hverri grein.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Í skólanámskrá fyrir yngsta og miðstig kemur fram að aðaláhersla verði lögð á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar kennsluaðferðir og fjölbreytt námsmat. Áhersla á einstaklingsmiðað nám endurspeglast þó ekki í námsáætlunum né kemur hún fram í almennri stefnumótun. Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 22 kennslustundir í 1.-10. bekk og þar af 19 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 47% góðar (súla 2 á myndinni) eða og 53% viðunandi (súla 1 á myndinni). Engin kennslustund var metin frábær og sömuleiðis engin óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið, á þessu voru þó nokkrar undantekningar (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Foreldrar í rýnihópi eru gagnrýnir á kennslu og árangur skólans og hafa efasemdir um einstaklingsmiðað nám.

Ábendingar

- Gildi skólans eru: *Virðing – samvinna - metnaður*, þar sem í starfi skólans á að ríkja virðing fyrir hverjum og einum, starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans og metnaði hvers einstaklings til að gera sitt besta,
- Á yngsta stigi er áhersla er fjölbreytta móðurmálsvinnu og samþættingu náttúrufræði og samfélagsfræði í þemaverkefnum. Þá er jafnframt áhersla lögð á skapandi verkefni og hópasamvinnu.
- Í skólanámskrá miðstigs á heimasíðu skólans er gert ráð fyrir umfjöllun um samkennslu, hringekju og smiðjur, en þá umfjöllun vantar í skjalið.
- Mikil samvinna er milli kennara sem kenna íslensku og stærðfræði á unglingastigi og nemendum skipt í hópa þvert á árganga. Í samfélagsfræði er 8.-10. bekk blandað og skipt eftir kynjum á móti íþróttakennslu. Aðrar námsgreinar eru kenndar í hverjum árgangi fyrir sig, náttúrufræði og tungumálin.
- Í kennsluáætlunum er í sumum greinum lýst kennsluáðferðum og vinnubrögðum meðan í öðrum er aðeins tilgreint hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku.
- Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði eru aðferðir sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara einnig útikennslan sem verið er að innleiða.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara eða í um 40% stunda, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 20% stunda,

verklegt og sköpun og tjáning var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í um 15 % tilvika.

- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 47% góðar (súla 2 á myndinni) eða og 53% viðunandi. Engin kennslustund var metin frábær og sömuleiðis engin óviðunandi.
- Kennsluaðferðir virtust fjölbreyttari á yngsta og miðstigi en hjá unglingum.
- Sérstaða skólans felst í því að hann er í landsbyggðarskóli í borginni, stjórnendur og starfsmenn vilja gjarnan nýta þessa sérstöðu betur.
- Samkvæmt skólanámskrá miðstigs er nemendum skipt í árgangablandaða námshópa í list- og verkgreinum og íþróttum. Engin tónmenntakennsla er við skólann en um 40% nemendahópsins stunda nám við tónlistarskólann.
- Bóðið er upp á val á unglingastigi í 11 námshópum á skólaárinu 2010-2011, þar af er um helmingur í ýmsum list- og verkgreinum.
- Skólasafnið er staðsett á 1. hæð í gömlu skólabyggingunni. Opnunartími er á mánudagsmorgnum í tæpa tvo tíma þá geta nemendur komið og fengið lánaðar bækur. Kennarar geta komið á safnið með hópá utan þess tíma.
- Í skólanámskrá kemur fram að námsmat sé fjölbreytt og það er ólíkt eftir greinum og árgöngum. Víða kemur fram áhersla á að meta virkni og vinnu nemenda með símati auk prófa.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastöðinni
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Fagstjóri með deildarstjóraábyrgð stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma. Hún sér m.a. um að gera stundatöflur, þó ekki fyrir alla. Ekki eru fastir samráðsfundir með þeim sem starfa í sérkennslu en hópurinn „reynir að hittast ef þarf“.

Í starfsáætlun, kafla um stuðning og ráðgjöf kemur fram að sérkennari vinnur með nemendum sem þurfa meiri eða sértækari þjónustu en unnt er að veita í almennri bekkjarkennslu, ýmist með einum nemanda eða litlum nemendahópi. Óskir um sérkennslu koma frá kennara eða foreldri og er kennslu hagað í samræmi við greiningu sérfræðings skólans. Lögð er áhersla á samvinnu umsjónarkennara, sérkennara og foreldra þeirra barna sem njóta sérkennslu (Starfsáætlun Klébergsskóla, s.12-13).

Skólinn er að mati stjórnenda og rýnihópa sannarlega skóli án aðgreiningar. Hlutfallslega stór hópur nemenda þarf stuðning og sérkennslu í skólanum, þetta er „mjög þungur skóli“, stórar félagslegar íbúðir, mikið atvinnuleysi og frekar mikil hreyfing á fólki á svæðinu, kemur fram víða í viðtölum og rýnihópum.

Skipulag sérkennslu

Sérkennsla fer að mestu fram í námsverum og í litlum hópum sem eru teknir út úr bekk og stuðningsfulltrúar fylgja nokkrum nemendum inn í bekk og í list- og verkgreinar.

Nemendur í námsveri fylgja jafnframt bekk sínum, a.m.k. í list- og verkgreinum. „Má eiginlega segja að við séum með þrjú námsver með mismunandi áherslum“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru unnar í samstarfi við umsjónarkennara. Sérkennari gerir einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur í námsveri. Ekki eru allir sérkennslunemendur með einstaklingsnámskrá, „fagstjóri hefur mikla yfirsýn og við vinnum mjög náið með kennurum, foreldrar koma að málunum og samþykka“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Aðstaða og aðbúnaður

Skólinn fékk viðurkenningu frá Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra fyrir aðgengi fatlaðra og ágæt aðstaða er innan húss, segir í rýnihópi. En það mættu vera nemendatölvur í skólanum sem gæti hjálpað mörgum, það er galli að hafa ekki góðar tölvur, en á móti kemur að við erum með tölvuver, og smart töflu, segir ennfremur. Fram kemur að búið er að bæta mikið alla aðstöðu síðustu þrjú ár og aðstaða nemenda er orðin mjög góð.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf starfsfólks og nemenda er mjög jákvætt og mikið umburðarlyndi að mati rýnihóps og almennt er góður skilningur hjá öllu starfsfólki enda mikið af reyndum kennurum við skólann og þekking er almennt góð. Fagstjóri hefur komið með fyrirlestra til dæmis um einhverfu þegar í skólann kom nemandi með einhverfu. Nemendur með félagslegar fatlanir samlagast ekkert mjög vel hópnum, en eru oft í hóp saman. Þeir eru stundum með bekkjarfélögum í matsal en ákveðinn hópur er yfirleitt hafður sér.

Upplýsingaflæði – samstarf

Sérkennarar fara inn á stigsfundi með kennurunum og fagstjóri hittir umsjónarkennara kemur fram í rýnihópi um sérkennslu. Samstarf við kennara er gott og unnið eftir þörfum fremur en á formlegum fundum, enda skólinn lítill og auðvelt að ná á fólk, segir í rýnihópi. Teymi eru starfandi um málefni nemenda sem hafa miklar sérþarfir.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Fagstjóri sér um tengsl við sérfræðiþjónustu og beiðnir fara gegnum hana, segir í rýnihópi. Skólasálfræðingur kemur sjaldnar í skólann en áður að mati rýnihóps. Einnig nýtur skólinn þjónustu kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings. „Miðgarður gerir margt gott sem ekki er í boði fyrir okkur“, segir í rýnihópi um sérkennslu, vegna fjarlægðar geta nemendur ekki sótt t.d. heimanámsaðstoð Rauða krossins og íþróttakademíu sem hefur verið í boði fyrir skóla í Grafarvogi.

Námsráðgjafi skólans vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólan að ýmis konar velferðarstarfi sem snýr að námi líðan og framtíðaráformum nemenda. Hann veitir aðstoð og ráðgjöf í margvíslegum málum, s.s. vegna eineltis, prófkvíða, vanlíðunar, samskipta, námstækni og skipulagningar náms og námsörðugleika (Starfsáætlun, s. 13).

Stuðningsteymi (lausnateymi) er ekki starfandi við skólann.

Nemendaverndarráð fundar reglulega í því sitja auk skólastjóra, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og sérkennari skólans. Einnig er starfandi

áfallaráð sem í sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir starfsmenn skólans, ráðið fær ýmsa aðila utan skólans til samstarfs eftir því sem þörf krefur (Starfsáætlun, s. 13).

Ábendingar

- Fagstjóri með deildarstjóraábyrgð stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma.
- Í starfsáætlun, kafla um stuðning og ráðgjöf, kemur fram að sérkennari vinnur með nemendum sem þurfa meiri eða sértækari þjónustu en unnt er að veita í almennri bekkjarkennslu, ýmist með einum nemanda eða litlum nemendahópi.
- Skólinn er að mati stjórnenda og rýnihópa sannarlega skóli án aðgreiningar. Hlutfallslega stór hópur nemenda þarf stuðning og sérkennslu í skólanum, þetta er „mjög þungur skóli“, stórar félagslegar íbúðir, mikið atvinnuleysi og frekar mikil hreyfing á fólki á svæðinu, kemur fram víða í viðtölum og rýnihópum.
- Sérkennsla fer að mestu fram í námsverum og í litlum hópum sem eru teknir út úr bekk og stuðningsfulltrúar fylgja nokkrum nemendum inn í bekk og í list- og verkgreinar.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru unnar í samstarfi við umsjónarkennara. Sérkennari gerir einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur í námsveri.
- Skólinn fékk viðurkenningu frá Sjálfsbjörg fyrir aðgengi fatlaðra og ágæt aðstaða er innan húss, segir í rýnihópi. Tölvukostur er þó ekki góður.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er mjög jákvætt og mikið umburðarlyndi að mati rýnihóps. Almenn góður skilningur hjá öllu starfsfólki enda mikið af reyndum kennurum við skólann og þekking er almennt góð.
- Samstarf við kennara er gott og unnið eftir þörfum fremur en á formlegum fundum, enda skólinn lítill og auðvelt að ná á fólki, segir í rýnihópi. Teymi eru starfandi um málefni nemenda sem hafa miklar sérþarfir.
- Fagstjóri sér um tengsl við sérfræðiþjónustu og beiðnir fara gegnum hana, segir í rýnihópi. Skólasálfræðingur kemur sjaldnar í skólann en áður að mati rýnihóps. Einnig nýtur skólinn þjónustu kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings
- Námsráðgjafi skólans vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi sem snýr að námi líðan og framtíðaráformum nemenda
- Stuðningsteymi (lausnateymi) er ekki starfandi við skólann.
- Nemendaverndarráð fundar reglulega í því sitja auk skólastjóra, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og sérkennari skólans. Einnig er starfandi áfallaráð.

Frístundaheimili

Kátakot er frístundaheimilið við Klébergsskóla á Kjalarnesi og er það staðsett í gamla leikskólanum. Frístundin er undir stjórn skólans og hefur skólastjóri yfirumsjón með starfseminni. Auk forstöðukonu eru tveir starfsmenn í hlutastarfi við Kátakot. Við vettvangsheimsókn eru tvær konur á staðnum auk forstöðukonu, kennari á yngsta stigi sem tekur á móti nemendum og merkir við að þau séu mætt, starfskona sem sat með hóp krakka sem voru að leira og púsla og svo forstöðukonan sem sýndi athuganda aðstæður og fór síðan í að undirbúa síðdegishressingu fyrir krakkana í eldhúsinu.

Skipulag - húsnæði

Frístundin opnar kl. 13:30 og er opin til kl. 17:15 en flestir eru farnir kl. 17:00, að sögn forstöðukonu. Alls eru 29 nemendur úr 1.-4. bekk skráðir í frístund, flestir úr 1. og 2. bekk en

færri úr eldri bekkjunum. Að auki eru 12 nemendur sem koma í frístundina og eru þar þangað til skólabíllinn fer kl. 15:00. Á föstudögum lýkur skóla um hádegið og nemendur koma fyrr, þann dag er oftast farið í íþróttahúsið með hópinn og þá eru líka flestir í frístundinni, „föstudagur er vinsæll“. Stofur í skólanum eru ekki mikið notaðar fyrir frístundahópa, en stundum er farið í tölvurnar, „það stendur allt til boða“, segir forstöðukona.

Fyrir utan þann hóp sem fer með skólabílnum eru flest sótt þegar viðveru lýkur en sum labba sjálf heim og þá í samráði við foreldra.

Krakkarnir velja svæði/viðfangsefni þegar þau koma og setja miða með nafninu sínu á réttan stað á vegg við inngang, þannig fæst yfirsýn yfir hver er hvar. Í húsinu eru nokkur lítil herbergi þar sem viðfangsefnum er komið fyrir og nemendur ganga að því sem þar er. Frístundin hefur líka aðgang að forstofu félagsheimilisins þar sem er m.a. bob-borð sem er vinsælt af eldri krökkunum.

Þau nota mikið fjöruna til útivistar, „það er aðalsportið“ krakkarnir vildu helst vera þar allan daginn, segir hún og hlær við. Úti á lóðinni eru líka nokkur leiktæki sem áður tilheyrðu leikskólanum og eru til afnota fyrir frístundina.

Líðan

Að mati forstöðukonu gengur vel með frístundina og nemendum líður vel. Meðan heimsóknin stendur yfir er ró yfir nemendum þau dreifast á herbergin, flest í stærsta herberginu þar sem starfsmaður situr með þeim, annars staðar eru 2-3 saman og virðast koma sér vel saman um viðfangsefnin.

Meðan forstöðukonana er í eldhúsinu koma krakkarnir og spyrja „má ég fara í ...“, tvær stelpur velta fyrir sér grímubúningum fyrir öskudaginn og hún virkjar þær til að aðstoða við að leggja á borð fyrir síðdegishressinguna.

Aðspurð segir viðmælandi að henni finnist hún vera partur af hópnum (starfsmanna við skólann) þó hún sé í öðru húsi, hún segist vera velkomin ef e-ð er, en mest hringir hún eða sendir tölvupóst til stjórnenda ef hún þarf á e-u að halda.

Ábendingar

- Kátakot er frístundaheimilið við Klébergsskóla á Kjalarnesi og er það staðsett í gamla leikskólanum. Frístundin er undir stjórn skólans og hefur skólastjóri yfirumsjón með starfseminni. Auk forstöðukonu eru tveir starfsmenn í hlutastarfi við Kátakot.
- Frístundin opnar kl. 13:30 og er opin til kl. 17:15 en flestir eru farnir kl. 17:00, að sögn forstöðukonu. Alls eru 29 nemendur úr 1.-4. bekk skráðir í frístund, flestir úr 1. og 2. bekk en færri úr eldri bekkjunum. Að auki eru 12 nemendur sem koma í frístundina og eru þar þangað til skólabíllinn fer kl. 15:00.
- Krakkarnir velja svæði/viðfangsefni þegar þau koma og setja miða með nafninu sínu á réttan stað á vegg við inngang, þannig fæst yfirsýn yfir hver er hvar.
- Að mati forstöðukonu gengur vel með frístundina og nemendum líður vel.
- Aðspurð segir viðmælandi að henni finnist hún vera partur af hópnum (starfsmanna við skólann) þó hún sé í öðru húsi, hún segist vera velkomin ef e-ð er.

Skólaþróun og mat

Klébergsskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefnin eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði sem notaðar eru

í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara þannig að lestrarkennslan hefur eflst verulega. Einnig er verið að innleiða útikennslu og notkun á útikennslustofu í samstarfi við leikskólann. Grænánaverkefni og heilsueflandi skóli eru einnig verkefni sem stjórnendur hafa hug á að koma á fót við skólann.

Í starfsáætlun eða á heimasíðu er ekki að finna upplýsingar um þróunarverkefni sem unnið er að við skólann.

Þegar sjálfsmat Klébergsskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins haustið 2008 uppfyllti skólinn hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.

Í sjálfsmatsskýrslu Klébergsskóla sem liggur fyrir við matið er fjallað um og lagt mat á tvo þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag og starfsáætlun. Settar eru fram matsspurningar, staða skólans greind og aðgerðir til umbóta settar fram í nokkrum liðum fyrir hvorn þátt fyrir sig. Mikilvægt er að halda áfram þessari vinnu og gera áætlun um mat sem tekur til allra þátta skólastarfsins og setja fram umbótaáætlun þar sem lýst er framkvæmd, ábyrgð og mælikvörðum.

Ábendingar

- Klébergsskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefnin eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara þannig að lestrarkennslan hefur eflst verulega.
- Einnig er verið að innleiða útikennslu og notkun á útikennslustofu í samstarfi við leikskólann. Grænánaverkefni og heilsueflandi skóli eru einnig verkefni sem stjórnendur hafa hug á að koma á fót við skólann.
- Í starfsáætlun eða á heimasíðu er ekki að finna upplýsingar um þróunarverkefni sem unnið er að við skólann.
- Þegar sjálfsmat Klébergsskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins haustið 2008 uppfyllti skólinn hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.
- Í sjálfsmatsskýrslu Klébergsskóla sem liggur fyrir við matið er fjallað um og lagt mat á tvo þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag og starfsáætlun. Mikilvægt er að halda áfram þessari vinnu og gera áætlun um mat sem tekur til allra þátta skólastarfsins.

Virk upplýsingamiðlun

Í starfsáætlun, kafla um samstarf við foreldra er lögð áhersla á gagnkvæma miðlun upplýsinga sem bætir frammistöðu og sjálfstraust barnsins og eykur jákvæðni milli heimila og skóla (Starfsáætlun, s.18). Kynningarfundir fyrir foreldra eru haldnir í upphafi skólaárs, kennarar eru með fastan viðtalstíma og foreldraviðtöl eru þrisvar á skólaárinu, en þá mæta nemandi og foreldrar í viðtal hjá umsjónarkennara. Auk þess eru foreldrar velkomnir á föstudagsviðburði sem eru vikulega, foreldrum hefur verið boðið í heimsókn á skólatíma á yngsta stigi og á miðstigi eru sýningar eftir þemavinnu opnar fyrir foreldrum. Minnst er mæting foreldra á unglingastigi þegar e-ð er um að vera í skólanum.

Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 83% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 24% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4.0 í spurningunni, sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (4,1).

Foreldrar í rýnihópi eru ekki ánægðir með mismiklar upplýsingar frá kennurum um nám og kennslu, og segja misjafnt hvernig Mentor er notaður til upplýsingamiðlunar.

Tölvusamskipti eru mikil að mati kennara og er mjög tímafrekt að sinna þeim. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kemur fram að samskipti við foreldra hafi á stundum verið neikvæð þó það sé í minnihluta.

Í rýnihópum starfsmanna kemur fram að upplýsingamiðlun innanhúss þyrfti að vera markvissari.

Ábendingar

- Í starfsáætlun, kafla um samstarf við foreldra er lögð áhersla á gagnkvæma miðlun upplýsinga sem bætir frammistöðu og sjálfstraust barnsins og eykur jákvæðni milli heimila og skóla.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 83% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 24% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,0 í spurningunni, sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi eru ekki ánægðir með mismiklar upplýsingar frá kennurum um nám og kennslu, og segja misjafnt hvernig Mentor er notaður til upplýsingamiðlunar.
- Tölvusamskipti eru mikil að mati kennara og er mjög tímafrekt að sinna þeim. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kemur fram að samskipti við foreldra hafi á stundum verið neikvæð þó það sé í minnihluta.
- Í rýnihópum starfsmanna kemur fram að upplýsingamiðlun innanhúss þyrfti að vera markvissari.

Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun og skólanámskrá Klébergsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá).

Skólanámskrá byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007 og gefur upplýsingar um námsgreinar, kennsluhætti, námsgögn og námsmat í hverjum árgangi. Námskráin birtist í þrennu lagi, eitt hefti fyrir hvert stig og á heimasíðu undir krækjunni: Nám og kennsla.

Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Kennsluáætlanir eru gerðar ýmist fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Uppbygging þeirra er mismunandi, í sumum koma fram upplýsingar um markmið, námsþætti og námsmat en í öðrum er vísað í námsbækur, umfjöllunarefni og aðferð eða kennsluhætti, ekki er ljóst að hve miklu leyti nemendur og foreldrar fá í hendur þessar áætlanir kennara, en nemendur 1.-7. bekkjar fá í hendur vikuáætlun um nám og kennslu, að sögn kennara og heimavinnuáætlun.

Heimasíða

Heimasíða Klébergsskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast í starfsáætlun, svo og í skólanámskrám fyrir hvert stig. Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags en því mætti gera ítarlegri skil.

Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna á heimasíðunni og ekki upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Klébergsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Skólanámskrá byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007 og gefur upplýsingar um námsgreinar, kennsluhætti, námsgögn og námsmat í hverjum árgangi.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Kennsluáætlanir eru gerðar ýmist fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Uppbygging þeirra er mismunandi og ekki er ljóst að hve miklu leyti nemendur og foreldrar fá í hendur þessar áætlanir kennara.
- Nemendur 1.-7. bekkjar fá í hendur vikuáætlun um nám og kennslu, að sögn kennara.
- Heimasíða Klébergsskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags en því mætti gera ítarlegri skil.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna á heimasíðunni og ekki upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Klébergsskóli er að hefja vinnu að því að verða Grænfánaskóli. Á þessu skólaári er stefnt að því að auka útikennslu og náttúruskoðun og nýta m.a. til þess útikennslustofu í fjörunni fyrir neðan skólann.

Nýlega var byrjað selja ávexti til nemenda í áskrift og hafragraut fá nemendur á morgnana sér að kostnaðarlausu.

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.

Áhættumat gert í febrúar 2011 liggur fyrir við matið. Það var unnið eftir vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins og út frá athugasemdum af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og vinnueftirlitsins. Gerð er grein fyrir þeim úrbótum sem hafa verið gerðar frá síðasta áhættumati sem m.a. varða bætt hljóðvist í stofum í nýbyggingu og í matsal ásamt því að ný gluggatjöld voru sett í stofurnar. Umbætur sem bíða framkvæmda eru: Tengja sagir í smíðastofu við útsog, yfirfara smíðavélar, bæta gönguleið milli skólans og íþróttahússins, setja upp sólvarnartjöld á kaffistofu, setja ramp við útihurð, laga reykskynjara á neðri hæð gamla skóla, uppfæra yfirlitsmynd af skólanum og myndir af flóttaleiðum.

Einnig er gerð grein fyrir reglubundnum forvörnum og hver hefur umsjón með hverju verkefni. Tvisvar á skólaári funda öryggisvörður, öryggistrúnaðarmaður og aðstoðarskólastjóri og skoða úrbætur og setja fram tillögur að frekari aðgerðum (Áhættumat Klébergsskóla).

Ábendingar

- Klébergsskóli er að hefja vinnu að því að verða Grænfánaskóli. Á þessu skólaári er stefnt að því að auka útikennslu og náttúruskoðun og nýta m.a. til þess útikennslustofu í fjörunni fyrir neðan skólann.
- Nýlega var byrjað selja ávexti til nemenda í áskrift og hafragraut fá nemendur á morgnana sér að kostnaðarlausu.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat gert í febrúar 2011 liggur fyrir við matið. Það var unnið eftir vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins og út frá athugasemdum af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og vinnueftirlitsins. Gerð er grein fyrir þeim úrbótum sem hafa verið gerðar frá síðasta áhættumati sem m.a. varða bætta hljóðvist
- Nokkrir þættir bíða úrbóta, s.s. að tengja sagir í smíðastofu við útsog, yfirfara smíðavélar.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 38 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 33,6 stöðugildum, þar af kennarar í 14,3 stöðugildum.

Árið 2009 fékk Klébergsskóli svipaða niðurstöðu í starfsánægjukönnun borgarinnar og aðrir skólar í borginni að meðaltali. Þátttaka í könnuninni 2009 var 68% en árið 2008 var hún svo dræm að tæplega er hægt að taka mið af þeim niðurstöðum (33,3%). Þátttakan árið 2007 var 55%.

Vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ gildið 4,32 í Klébergsskóla en 92% svarenda voru henni sammála (heildarmeðaltal allra grunnskóla var 4,27)⁷. Fullyrðingar er mæla viðhorf gagnvart samvinnu fengu svipað gildi vorið 2009 og í öðrum grunnskólum að meðaltali. Fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ fékk gildið 4,21 (87,5% voru sammála, meðaltalsgildið var 4,10). Fullyrðingin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ gildið 4,63 sem var töluvert hærra en meðaltalsgildið (4,10). Í könnuninni svaraði því enginn játandi að verða fyrir einelti af hálfu samstarfsmanna eða þjónustuþega.

Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum, starfsandinn er sagður vera mjög góður og liðsheildin sterk. Þegar starfsmenn voru spurður um sterkustu hliðar skólans voru eftirtaldir þættir nefndir sem helstu styrkleikar:

- Samkennd milli nemenda og kennara og umhyggja gagnvart nemendum
- Jákvæðni á meðal starfsfólks og viðhorfið gagnvart starfsfólki almennt
- Gott andrúmsloft meðal starfsfólks
- Mikill sveigjanleiki og persónuleg þjónusta
- Góður húsvörður
- Fámennir bekkir
- Nánd við náttúruna

Þegar starfsmenn voru beðnir um að nefna það sem mætti bæta kom eftirfarandi fram:

- Smæðin líka ókostur ef nemendum líður ekki nógu vel
- Samstaða með að virða betur reglur
- Skilaboðin þurfa að vera skýr og taka harðar á agabrotum
- Styrkja þyrfti faglegt starf og gera það markvissara
- Bæta upplýsingastreymi
- Óstundvísi starfsmanna
- Fjarlægð við borgina vegna samgangna.
- Neikvætt umtal um skólann í skólasamfélaginu

⁷ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Samstarf

Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum einu sinni í mánuði og vikulegum stigsfundum. Stigsfundir eru nýttir til umræðu og undirbúnings um það sem er framundan í kennslu og það sem er verið að vinna hverju sinni. Fundað er um þróunarstarf vikulega og Olweusarfundir eru mánaðarlega. Stuttir gæslufundir eru vikulega með almennum starfsmönnum. Sérkennari og starfsmenn sérkennslu eiga ekki formlega fundi, heldur eiga óformlegra samstarf og eins eiga skólastjórnendur ekki fasta samstarfsfundi.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 88% svarenda í Klébergsskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“. Um 83% svarenda voru einnig sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“.

Það kom fram í rýnihópum að þessir fundir gögnuðust ágætlega en misvel þó. Það kom fram að starfsmenn myndu gjarnan vilja fá tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir hvor öðrum. Starfsmenn frístundaheimilis sem áður voru starfsmenn ÍTR sjá mikla kosti við að vera orðin hluti af stærri heild og segja samstarfið gott, þau segjast vera miklu betur upplýst um starfsemina en áður og telja mun betri samfellu nást í starfinu.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 88% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og um 92% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Á rýnifundum var ekki rætt sérstaklega um kynjajafnrétti og jafnræði.

Ábendingar

- Árið 2009 fékk Klébergsskóli svipaða niðurstöðu í starfsánægjukönnun borgarinnar og aðrir skólar í borginni að meðaltali.
- fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ gildið 4,32 í Klébergsskóla en 92% svarenda voru henni sammála.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 88% svarenda í Klébergsskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum einu sinni í mánuði og vikulegum stigsfundum. Fundað er um þróunarstarf vikulega og Olweusarfundir eru mánaðarlega. Stuttir gæslufundir eru vikulega með almennum starfsmönnum.
- Það kom fram í rýnihópum að þessir fundir gögnuðust ágætlega en misvel þó. Það kom fram að starfsmenn myndu gjarnan vilja fá tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir hvor öðrum.
- Starfsmenn frístundaheimilis sem áður voru starfsmenn ÍTR sjá mikla kosti við að vera orðin hluti af stærri heild og segja samstarfið gott, þau segjast vera miklu betur upplýst um starfsemina en áður.
- Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum, starfsandinn er sagður vera mjög góður og liðsheildin sterk.
- Helstu styrkleikar að mati rýnihóps: Samkennd milli nemenda og kennara og umhyggja gagnvart nemendum. Jákvæðni á meðal starfsfólks og viðhorfið gagnvart starfsfólki almennt. Gott andrúmsloft meðal starfsfólks. Mikill sveigjanleiki og persónuleg þjónusta. Góður húsvörður. Fámennir bekkir. Nánd við náttúruna.
- Það sem mætti bæta: Smæðin líka ókostur ef nemendum líður ekki nógu vel. Samstaða með að virða betur reglur. Skilaboðin þurfa að vera skýr og taka harðar á agabrotum.

Styrkja þyrfti faglegt starf og gera það markvissara. Bæta upplýsingastreymi. Óstundvísi starfsmanna. Fjarlægð við borgina vegna samgangna. Neikvætt umtal um skólann í skólasamfélaginu.

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 voru um 79% svarenda í Klébergsskóla sammála fullyrðingunni „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“. Um 83% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuaðstaða mín er góð“. Viðhorf gagnvart vinnuaðstöðu voru svipuð í könnuninni og að meðaltali í grunnskólum.

Þegar aðbúnaður var ræddur í rýnihópum kom fram mismunandi sjónarmið varðandi aðbúnað, sumir töldu skólann vel búinn, aðrir töldu vanta tölvubúnað, skjávarpa og gluggatjöld á einhverjum stöðum. Einnig komu fram athugasemdir um samnýtingu rýma fyrir mötuneyti og heimilisfræði. Það kom fram að aðstaða fyrir nemendur þætti góð fyrir utan að stólar á unglingastigi væru óþægilegir. Einnig kom fram að skólinn hefði fengið viðurkenningu árið 2008 frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra fyrir gott aðgengi innan húss og utan.

Ábendingar

- Athuga þarf hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu símenntunaráherslur vetrarins snúa að þátttöku í Byrjendalæsi og þróunarverkefni *Betra nám á Kjalarnesi* þar sem áhersla er lögð á eflingu læsis og lestrarkennslu, m.a. eftir aðferðinni Orð af orði. Í áætluninni kemur fram að lögð verður áhersla á reglulega fyrirlestra og námskeið gegn einelti fyrir nýliða, eineltisteymi og aðra starfsmenn. Einnig eru hugmyndir í áætluninni um að sækja fræðslu um börn með sérþarfir til Miðgarðs og Sjónarhóls og starfsmanna með sérþekkingu innanhús.

Áætlunin gerir ekki grein fyrir leikreglum um símenntun og skilgreinir ekki þátttöku starfsmanna; einstaklinga eða hópa. Einnig vantar nánari skilgreiningar í áætluninni um símenntunina, tímabil og ábyrgð á því að áætluninni sé framfylgt.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 70% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Um 71% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að símenntunin hefði nýst viðkomandi í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 90% svarenda höfðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan, sem var mjög svipað 2008 (88%). Um 71% þeirra er höfðu farið í slíkt samtal árið 2009 sammála því að það hefði verið gagnlegt.

Þegar rætt var um símenntun í rýnihópum og viðtölum komu fram þau sjónarmið að sveigjanleiki væri mikill ef fólk vildi sækja sér símenntun, það væri mjög jákvætt tekið í það. Það kom fram að það væru annars slagið fræðslufundir í skólanum. Eins og áður kom fram myndu starfsmenn vilja fá tækifæri til að kynna störf sín betur innan skólans. Almenn ánægja virðist vera með starfsmannasamtöl og þau talin gagnleg.

Ábendingar

- Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu símenntunaráherslur vetrarins snúa að þátttöku í Byrjendalæsi og þróunarverkefninu *Betra nám á Kjalarnesi* þar sem áhersla er lögð á eflingu læsis og lestrarkennslu.
- Áætlunin gerir ekki grein fyrir leikreglum um símenntun og skilgreinir ekki þátttöku starfsmanna; einstaklinga eða hópa. Einnig vantar nánari skilgreiningar í áætluninni um símenntunina, tímabil og ábyrgð á því að áætluninni sé framfylgt.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 70% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum.
- Um 71% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að símenntunin hefði nýst viðkomandi í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 90% svarenda höfðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.
- Þegar rætt var um símenntun í rýnihópum og viðtölum komu fram þau sjónarmið að sveigjanleiki væri mikill ef fólk vildi sækja sér símenntun, það væri mjög jákvætt tekið í það.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í síðustu könnun vorið 2009 voru um 92% starfsmanna frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að vinnustaðnum væri vel stjórnað. Árið 2009 voru allar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar á styrkleikabili og yfir meðaltali grunnskóla í borginni. Fullyrðingin „Ég er ánægð/ur með samskiptin við yfirmann minn“ fékk gildið 4,54 (4,26) og „Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum“ gildið 4,13 en um 79% svarenda var sammála þeirri fullyrðingu.

Starfsmenn í rýnihópum voru almennt jákvæðir gagnvart stjórnendum skólans, samskiptin við þá væru fín, sumum fannst þeir fá mikla endurgjöf á störf sín en aðrir sögðu hana mega vera meiri. Aðgengi að stjórnendum var sagt þökkalegt, þeir hefðu skýra verkaskiptingu og yfirleitt hægt að ná á þá. Það kom einnig fram að upplýsingar um það sem væri að gerast í skólanum mættu berast fyrr til starfsmanna. Einnig var nokkuð rætt um viðbrögð vegna agabrota en starfsmönnum ekki tekið nægilega markvisst á þeim og of mikillar uppgjafir gæta hjá stjórnendum gagnvart nemendum með hegðunarbrotum. Þá væri gripið of seint inn í alvarleg hegðunarbrot og voru nefndar t.d. kyrkingar á göngum nefndar í því sambandi.

Ábendingar

- Í síðustu könnun vorið 2009 voru um 92% starfsmanna frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að vinnustaðnum væri vel stjórnað og allar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar voru á styrkleikabili og yfir meðaltali grunnskóla í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum voru almennt jákvæðir gagnvart stjórnendum skólans, samskiptin við þá væru fín, sumum fannst þeir fá mikla endurgjöf á störf sín en aðrir sögðu hana mega vera meiri.
- Það kom einnig fram að upplýsingar um það sem væri að gerast í skólanum mættu berast fyrr til starfsmanna.
- Einnig var nokkuð rætt um viðbrögð vegna agabrota en starfsmönnum ekki tekið nægilega markvisst á þeim og of seint gripið inn í alvarleg hegðunarbrot.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á haustönn 2010. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁸ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 20,5 stundir á önninni⁹, undir fjarveru falla

⁸ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁹ Vetrarorlof, langtímaveikindi og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 3.8 kennsludaga á haustönn 2010.¹⁰

Langtímafjarvera vegna veikinda eða leyfa er ekki meðtalin.

Á sama hátt var farið yfir forföll starfsmanna annarra en kennara. Að meðaltali voru þeir fjarverandi 3.1 daga á önninni.

Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 3.8 kennsludaga á haustönn 2010.
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

¹⁰ Meðaltalsfjarvera kennara í þeim 18 skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er tæpir 6 dagar á önn.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í viddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Klébergsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Klébergsskóla fyrir árið 2009 voru að upphæð 217.120. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 221.323 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Klébergsskóla fyrir árið 2010 voru að upphæð 243.925 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 255.645 þús. kr.

Ábendingar

- Klébergsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 og 2010 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Lestrarkennsla í yngri deildum hefur verið eflað með þátttöku kennara í þróunarverkefnum. Aðstæður skólans eru góðar, nýlegt skólahúsnæði og nálægð við náttúru. Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengi að þeim gott.

Veikleikar: Árangur nemenda í könnunum og skimunum er slakur. Hluta nemendahópsins líður ekki vel í skólanum. Einelti mælist hlutfallslega hátt. Stjórnendur ná ekki að nýta tækifæri sem felast í stærð skólans og samstarfi við grenndarsamfélagið.

Ögranir: Smæð skólans og skólahverfis. Hluti foreldra er neikvæður gagnvart skólanum. Í skólanum er hátt hlutfall nemenda með sérþarfir.

Tækifæri: Ná samstöðu í skólasamfélaginu um nám og kennslu og meðferð agamála. Efla upplýsingamiðlun til starfsmanna og til foreldra. Fylgja eftir hugmyndum um breytt skipulag og stefnumótun.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er svipaður og í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (71% miðað við 72% í borginni allri) en lægra hlutfall nemenda í Klébergsskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (60% miðað við 67%) í borginni allri.
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er lakari en árið áður (80%) og hlutfallslega færri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (60% miðað við 77% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Klébergsskóla í nóvember 2010. Meðaltalsárangur var mælitalega 9.8 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalega 11.0.
- Í Klébergsskóla stóðust 50% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Klébergsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk bekk haustið 2010 er í öllum greinum nemastærðfræði í 4. bekk undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Að meðaltali eru framfarir í íslensku og stærðfræði í 7. bekk árin 2005-2010 1.00 (miklar sveiflur milli ára).
- Í 10. bekk er framfarastuðull 2010 í íslensku 0.93 sem bendir til mikilla breytinga á stöðu nemenda til hins verra, en í stærðfræði 1,1 sem bendir til mikilla breytinga á stöðu nemenda til hins betra.
- Klébergsskóli er í hópi þeirra skóla í Reykjavík sem fá slakasta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 79%.

Stjórnun

- Skólastjóri leggur áherslu á samráð og lýðræðislega stjórnunarhætti og svigrúm kennara til að móta eigið starf. Hann vill efla sérstöðu skólans sem landsbyggðarskóla í borginni og nýta umhverfið í skólastarfinu, fjall og fjöru.
- Í viðtali við hann koma fram ýmsar hugmyndir að breytingum á skipulagi og starfsháttum sem þó hafa ekki komist í framkvæmd.

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa mikið óformlegt samráð en ekki fasta fundartíma.
- Í vetur hefur verið starfandi stjórnunarteymi með þátttöku sérkennara og þriggja stigstjóra úr hópi kennara, þetta fyrirkomulag verður endurskoðað að sögn skólastjóra.
- Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun og á heimasíðu skólans en er ekki lýsandi fyrir skipulag stjórnunar. Starfslýsingar liggja ekki fyrir við matið og eru að sögn skólastjóra í endurskoðun ásamt ýmsum verkferlum.
- Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og kennarafundir þess á milli. Stigsfundir eru einnig vikulega á hverju stigi, einnig þetta fyrirkomulag er til endurskoðunar
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 68% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 25% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Þessi niðurstaða er aðeins lægri en að meðaltali í borginni.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að aðgengi að stjórnendum skólans sé gott, þeir bregðist fljótt við, svari tölvupósti og vinni almennt hratt með mál.
- Starfsmenn í rýnihópum segja skólastjórnendum vera aðgengilega og verkaskiptingu skýra, „ef þeir eru hér, eru þeir tilbúnir að tala við mann“. Nemendur í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 29 tímar auk sundnámskeiða á haust- og vorönn, á töflu 5.-7. bekkja ýmist 35 nemendatímar og í 8.-10. bekk eru skráðir 37 tímar og í 10. bekk, þar af 6 tímar í valgreinar.
- Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á miðstigi og unglingastigi.
- Tónlistarskólinn á Klébergi starfar innan grunnskólans og undir stjórn skólastjóra hans og kennsla fer fram á skólatíma.
- Félagsstarf nemenda og frístundaheimili eru undir stjórn skólastjóra og tók hann við því með samningi milli ÍTR og Menntasviðs. Félagsheimili staðarins er einnig undir umsjón skólastjóra sem hann telur þó óráð þar sem starfsemi þar tengist ekki skólastarfinu á neinn hátt.
- Að sögn skólastjóra hefur orðið mikil vakning hjá íbúasamtökum á Kjalarnesi á síðasta ári og í ungmennafélaginu einnig auk þess öflug björgunarsveit er starfrækt. Hann vill sjá skólann tengjast þessari uppbyggingu og verða miðpunktur í samstarfi þessara aðila.
- Efnt var til Skólaþings á Kjalarnesi á vorönn 2011 að frumkvæði skólastjóra, í samstarfi við íbúasamtökin og með þátttöku foreldra starfsmanna og nemenda.
- Skólinn er í samstarfi við leikskólann á staðnum m.a. um Grænfánaverkefni og útikennslustofu. Upplýsingar um móttöku nemenda úr leikskólanum og gagnkvæmar heimsóknir nemenda koma fram í starfsáætlun skólans.
- Klébergsskóli tekur þátt í samstarfi grunnskóla í Grafarvogi, m.a. föstum fundum með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orð af orði.

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun Klébergsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Í starfsáætlun er sett fram uppeldis- og menntastefna Klébergsskóla. Einkunnarorð skólans eru Virðing- samvinna – Metnaður.

- Einnig kemur fram að í starfi skólans eigi að leggja rækt við heimabyggð og nýta nánasta umhverfi til náms.
- Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins (84% sammála) og 68% eru ánægð með stefnuna, 32% segja hvorki né.
- Að mati skólastjóra er þörf á endurskoðun á stefnu skólans, „hún rímar ekki við skólann“ og hann hyggst fara í þessar breytingar á næstunni.

Nemendur og líðan

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Klébergsskóla sú að 59,6% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er undir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Klébergsskóla í apríl 2011 fylgir ánægja af lestri landsmeðaltali. Áhugi á stærðfræði er aftur á móti töluvert undir meðaltali landsins og lægri nú en áður.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma verr út og áður (marktækur munur milli mælinga) og undir landsmeðaltali.
- Foreldrar barna í Klébergsskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 3,9 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 11.1% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti sem er töluvert herra en almennt gerist. Einelti mælist mest á miðstigi. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.
- Spurning um einelti kemur einnig verr út í Skólapúlsinum en áður en ekki marktækt þó, einelti mælist meira í apríl en í síðustu mælingu (október).
- Þrír nemendur sefast í Olweusarkönnun hafa verið lagðir í einelti í eitt ár eða lengur.
- Af 54 foreldrum í Klébergsskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 43%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Foreldrar í rýnihópi tala um að einelti sé „nokkuð algengt“ í skólanum.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum eða ágætlega svona almennt, „nema þegar verið er að stríða“. Nemendur í unglingadeild telja að einelti sé hætt, „einum strák var strítt en núna er hann mikið einn“. Þeim finnst ekki nógu vel tekið á eineltismálum.

- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru „fínir“ og „skemmtilegir“ en gagnrýnust eru þau á unglingastigi og segja að sumir kennarar geri upp á milli nemenda og „einn kennari leggur annan í einelti“. Góður kennari er með góðan hómor og ekki pirraður, segja þau.

Stjórn nemendafélags

- Fundur sem fulltrúar heildarmats sátu með stjórn nemendafélagsins fór vel fram, nemendur voru áhugasamir og nokkuð virkir í umræðu en meiri stjórn hefði mátt vera á umræðunum.
- Að sögn nemenda í stjórninni er þátttaka í félagsstarfinu nokkuð góð.
- Það kom fram að félagsstarfið hefði farið seint af stað í vetur þar sem kjör í nefndir hefði ekki farið fram strax að hausti.

- Fulltrúarnir í stjórninni lýstu yfir áhuga á því að bera meiri ábyrgð, t.d. á fjármálum tengdum sjoppurekstri.
- Nemendur hafa áhuga á meira samstarfi um böll og viðburði við aðra skóla, t.d. í Grafarvogi eins og áður var.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.

Reglur og agi

- Í Klébergsskóla er lögð áhersla á að framkoma nemenda, umgengni, ástundun og stundvísi sé góð. Reglur skólans taka mið af þessu.
- Almennar skólareglur eru í fjórum köflum; framkoma; umgengni; ástundun og stundvísi og neysla ávana- og fíkniefna. Bekkjarreglur eru uppi við í flestum skólastofum.
- Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og núgildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000).
- Fram kemur að unnið er eftir fjögurra þrepa agakerfi fyrir 1.-7. bekk þar eru aðgerðir skólans skilgreindar og tilgreint hver ber ábyrgð á málinu á hverju þrepi. Ekki kemur nógu skýrt fram að viðurlögin hvetji til bættrar hegðunar eða að gætt sé hófs við beitingu þeirra.
- Hlutfallslega mörg úrlausnarmál vegna agavanda eða ágreinings heimila og skóla koma upp í Klébergsskóla miðað við sambærilega skóla í borginni. Því er vert að hvetja skólann til að endurskoða meðferð agamála.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt séu samskipti við nemendur góð en lítill hópur sem á við hegðunarbrot að etja tekur tíma frá öðrum „allt púðrið fer í að eiga við þessa einstaklinga“ og ekki hlúð nógu vel að þeim sem vilja læra, þeim finnst heldur ekki tekið markvisst á agabrotum og of seint tekið á alvarlegum agabrotum.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og viðurlög við brotum á þeim. Þau vita að nemendur sem brjóta reglurnar fara til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra og sum aftur og aftur og þá „virkar það ekki“, segja þau.
- Nemendur í rýnihópum tala um „mikið læti“ og „mikið ónæði“ í ákveðnum bekkjum og þeim finnst að það mætti hrósa meira.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið, á þessu voru þó nokkrar undantekningar (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 71% svarenda í Klébergsskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Foreldrar í rýnihópi segja mikið agaleysi í skólanum bæði vegna þess að foreldrar fylgi því ekki eftir heima að aga börn sín og einnig vegna þess að skólinn taki ekki nógu hart á agamálum.
- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglingadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í 9. bekknum og leyfi í 10. bekknum.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í starfsáætlun Klébergsskóla er kafli um samstarf við foreldra, þar er lögð áhersla á gagnkvæmar upplýsingar heimilis og skóla um líðan nemanda, framfarir, vinnu, og viðfangsefni í skóla og heima
- Í heildina fær skólinn viðunandi útkomu í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Meira en tveir af hverjum þremur voru ánægðir með skólann og telja honum vera vel

stjórnað, ánægja með umsjónarkennara var mikil og mat á líðan barnanna, agamálum, magn heimavinnu og námslegum kröfum var vel ásættanlegt.

- Þrátt fyrir þetta var skólinn oftast en ekki undir meðaltölum borgarinnar, einelti mældist allnokkuð auk þess sem meðaltöl varðandi ánægju með skólann og mat á stjórnun skólans hafa lækkað nokkuð á milli kannanna.
- Helstu niðurstöður í foreldrakönnun veturinn 2010 voru þær að 65% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 23% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra er 3,8 (af 5) í Klébergsskóla sem er lægra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í spurningu um stjórnun skólans töldu 68% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 25% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri, en meðaltölin í Klébergsskóla þó lægri en meðaltöl borgarinnar.
- Um 86% svarenda fannst magn heimavinnu barns síns *hæfileg*, 76% fannst námslegar kröfur sem gerðar voru til barna þeirra *hæfilegar* og 71% fannst hið sama um agann.
- Sé miðað við könnunina 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni hvað varðar almennt ástand húsnæðis og aðstöðu til íþróttaiðkunar hækkað en lækkað lítillega þegar kemur að aðstöðu til að matast og leikaðstöðu á skólalóð.
- Foreldrar í rýnihópi segja samstarf við kennara misgott og mismiklar upplýsingar sem koma frá þeim um nám, kennslu og málefni einstaklinga, þeim finnst vanta skýrar reglur um upplýsingamiðlun frá kennara til foreldra.
- Foreldrar í rýnihópi eru gagnrýnir á kennslu og árangur nemenda og telja að skólinn ætti að geta gert betur með litla hópa nemenda. Þeir lýsa jafnframt ánægju sinni með átak í lestrarkennslu í yngri bekkjum.
- Víða í gögnum kemur fram að hópur foreldra sé neikvæður gagnvart skólanum almennt og/eða einstaka kennurum, sumir þeirra hafa tekið börn sín úr skólanum meðan aðrir „sitja heima og tuða“, segir í rýnihópi foreldra.
- Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er byrjendalæsið og að hafa tónlistarskólann á skólatíma svo og heimilisfræðikennslan og útikennslustofan. Aftur á móti segja þau að bæta þurfi starfið í félagsmiðstöðinni sem hafi dalað eftir sameiningu ÍTR og skólans.
- Foreldrarnir benda einnig á að taka þurfi meira tillit til staðsetningar skólans og auka fjármagn til vettvangsferða til að skólinn standi jafnfætis öðrum.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi telja sig ekki þekkja hlutverk ráðsins nægilega vel og skólastjóri segir að nokkurn tíma hafi tekið að upplýsa skólaráð um það til hvers er ætlast af því.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, í starfsáætlun skólans kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn eru félagar og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Gildi skólans eru: *Virðing – samvinna – metnaður*, þar sem í starfi skólans á að ríkja virðing fyrir hverjum og einum, starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans og metnaði hvers einstaklings til að gera sitt besta,
- Á yngsta stigi er áhersla er fjölbreytta móðurmálsvinnu og samþættingu náttúrufræði og samfélagsfræði í þemaverkefnum. Þá er jafnframt áhersla lögð á skapandi verkefni og hópasamvinnu.

- Í skólanámskrá miðstigs á heimasíðu skólans er gert ráð fyrir umfjöllun um samkenndu, hringekju og smíðjur, en þá umfjöllun vantar í skjalið.
- Mikil samvinna er milli kennara sem kenna íslensku og stærðfræði á unglingastigi og nemendum skipt í hópa þvert á árganga. Í samfélagsfræði er 8.-10. bekk blandað og skipt eftir kynjum á móti íþróttakennslu. Aðrar námsgreinar eru kenndar í hverjum árgangi fyrir sig, náttúrufræði og tungumálin.
- Í kennsluáætlunum er í sumum greinum lýst kennsluáðferðum og vinnubrögðum meðan í öðrum er aðeins tilgreint hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku.
- Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og áðferðir tengdar Orð af orði eru áðferðir sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara einnig útíkenndan sem verið er að innleiða.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara eða í um 40% stunda, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 20% stunda, verklegt og sköpun og tjáning var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í um 15 % tilvika.
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 47% góðar (súla 2 á myndinni) eða og 53% viðunandi. Engin kennslustund var metin frábær og sömuleiðis engin óviðunandi.
- Kennsluáðferðir virtust fjölbreyttari á yngsta og miðstigi en hjá unglingum.
- Sérstaða skólans felst í því að hann er í landsbyggðarskóli í borginni, stjórnendur og starfsmenn vilja gjarnan nýta þessa sérstöðu betur.
- Samkvæmt skólanámskrá miðstigs er nemendum skipt í árgangablandaða námshópa í list- og verkgreinum og íþróttum. Engin tónmenntakennsla er við skólann en um 40% nemendahópsins stunda nám við tónlistarskólann.
- Bóðið er upp á val á unglingastigi í 11 námshópum á skólaárinu 2010-2011, þar af er um helmingur í ýmsum list- og verkgreinum.
- Skólasafnið er staðsett á 1. hæð í gömlu skólabyggingunni. Opnunartími er á mánudagsmorgnum í tæpa tvo tíma þá geta nemendur komið og fengið lánaðar bækur. Kennarar geta komið á safnið með hópa utan þess tíma.
- Í skólanámskrá kemur fram að námsmat sé fjölbreytt og það er ólíkt eftir greinum og árgöngum. Víða kemur fram áhersla á að meta virkni og vinnu nemenda með símati auk prófa.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Skóli án aðgreiningar

- Fagstjóri með deildarstjóraábyrgð stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma.
- Í starfsáætlun, kafla um stuðning og ráðgjöf, kemur fram að sérkennari vinnur með nemendum sem þurfa meiri eða sértækari þjónustu en unnt er að veita í almennri bekkjarkennslu, ýmist með einum nemanda eða litlum nemendahópi.
- Skólinn er að mati stjórnenda og rýnihópa sannarlega skóli án aðgreiningar. Hlutfallslega stór hópur nemenda þarf stuðning og sérkennslu í skólanum, þetta er

„mjög þungur skóli“, stórar félagslegar íbúðir, mikið atvinnuleysi og frekar mikil hreyfing á fólki á svæðinu, kemur fram víða í viðtölum og rýnihópum.

- Sérkennsla fer að mestu fram í námsverum og í litlum hópum sem eru teknir út úr bekk og stuðningsfulltrúar fylgja nokkrum nemendum inn í bekk og í list- og verkgreinar.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru unnar í samstarfi við umsjónarkennara. Sérkennari gerir einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur í námsveri.
- Skólinn fékk viðurkenningu frá Sjálfsbjörg fyrir aðgengi fatlaðra og ágæt aðstaða er innan húss, segir í rýnihópi. Tölvukostur er þó ekki góður.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er mjög jákvætt og mikið umburðarlyndi að mati rýnihóps. Almennt góður skilningur hjá öllu starfsfólki enda mikið af reyndum kennurum við skólann og þekking er almennt góð.
- Samstarf við kennara er gott og unnið eftir þörfum fremur en á formlegum fundum, enda skólinn lítill og auðvelt að ná á fólk, segir í rýnihópi. Teymi eru starfandi um málefni nemenda sem hafa miklar sérþarfir.
- Fagstjóri sér um tengsl við sérfræðiþjónustu og beiðnir fara gegnum hana, segir í rýnihópi. Skólasálfræðingur kemur sjaldnar í skólann en áður að mati rýnihóps. Einnig nýtur skólinn þjónustu kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings
- Námsráðgjafi skólans vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólan að ýmis konar velferðarstarfi sem snýr að námi líðan og framtíðaráformum nemenda
- Stuðningsteymi (lausnateymi) er ekki starfandi við skólann.
- Nemendaverndarráð fundar reglulega í því sitja auk skólastjóra, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og sérkennari skólans. Einnig er starfandi áfallaráð.

Frístund

- Kátakot er frístundaheimilið við Klébergsskóla á Kjalarnesi og er það staðsett í gamla leikskólanum. Frístundin er undir stjórn skólans og hefur skólastjóri yfirumsjón með starfsemi. Auk forstöðukonu eru tveir starfsmenn í hlutastarfi við Kátakot.
- Frístundin opnar kl. 13:30 og er opin til kl. 17:15 en flestir eru farnir kl. 17:00, að sögn forstöðukonu. Alls eru 29 nemendur úr 1.-4. bekk skráðir í frístund, flestir úr 1. og 2. bekk en færri úr eldri bekkjunum. Að auki eru 12 nemendur sem koma í frístundina og eru þar þangað til skólabíllinn fer kl. 15:00.
- Krakkarnir velja svæði/viðfangsefni þegar þau koma og setja miða með nafninu sínu á réttan stað á vegg við inngang, þannig fæst yfirsýn yfir hver er hvar.
- Að mati forstöðukonu gengur vel með frístundina og nemendum líður vel.
- Aðspurð segir viðmælandi að henni finnist hún vera partur af hópnum (starfsmanna við skólann) þó hún sé í öðru húsi, hún segist vera velkomin ef e-ð er.

Skólaþróun og mat

- Klébergsskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefnin eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara þannig að lestrarkennslan hefur eflst verulega.
- Einnig er verið að innleiða útikennslu og notkun á útikennslustofu í samstarfi við leikskólann. Grænfánaverkefni og heilsueflandi skóli eru einnig verkefni sem stjórnendur hafa hug á að koma á fót við skólann.
- Í starfsáætlun eða á heimasíðu er ekki að finna upplýsingar um þróunarverkefni sem unnið er að við skólann.

- Þegar sjálfsmat Klébergsskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins haustið 2008 uppfyllti skólinn hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats.
- Í sjálfsmatsskýrslu Klébergsskóla sem liggur fyrir við matið er fjallað um og lagt mat á tvo þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag og starfsáætlun. Mikilvægt er að halda áfram þessari vinnu og gera áætlun um mat sem tekur til allra þátta skólastarfsins.

Virk upplýsingamiðlun

- Í starfsáætlun, kafla um samstarf við foreldra er lögð áhersla á gagnkvæma miðlun upplýsinga sem bætir frammistöðu og sjálfstraust barnsins og eykur jákvæðni milli heimila og skóla.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 83% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 24% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,0 í spurningunni, sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi eru ekki ánægðir með mismiklar upplýsingar frá kennurum um nám og kennslu, og segja misjafnt hvernig Mentor er notaður til upplýsingamiðlunar.
- Tölvusamskipti eru mikil að mati kennara og er mjög tímafrekt að sinna þeim. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kemur fram að samskipti við foreldra hafi á stundum verið neikvæð þó það sé í minnihluta.
- Í rýnihópum starfsmanna kemur fram að upplýsingamiðlun innanhúss þyrfti að vera markvissari.
- Starfsáætlun og skólanámskrá Klébergsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Skólanámskrá byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007 og gefur upplýsingar um námsgreinar, kennsluhætti, námsgögn og námsmat í hverjum árgangi.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Kennsluáætlanir eru gerðar ýmist fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Uppbygging þeirra er mismunandi og ekki er ljóst að hve miklu leyti nemendur og foreldrar fá í hendur þessar áætlanir kennara.
- Nemendur 1.-7. bekkjar fá í hendur vikuáætlun um nám og kennslu, að sögn kennara.
- Heimasíða Klébergsskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags en því mætti gera ítarlegri skil.
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er ekki að finna á heimasíðunni og ekki upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Klébergsskóli er að hefja vinnu að því að verða Grænfánaskóli. Á þessu skólaári er stefnt að því að auka útikennslu og náttúruskoðun og nýta m.a. til þess útikennslustofu í fjörunni fyrir neðan skólann.
- Nýlega var byrjað selja ávexti til nemenda í áskrift og hafragraut fá nemendur á morgnana sér að kostnaðarlausu.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat gert í febrúar 2011 liggur fyrir við matið. Það var unnið eftir vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins og út frá athugasemdum af hálfu

Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og vinnueftirlitsins. Gerð er grein fyrir þeim úrbótum sem hafa verið gerðar frá síðasta áhættumati sem m.a. varða bættu hljóðvist

- Nokkrir þættir bíða úrbóta, s.s. að tengja sagir í smíðastofu við útsog, yfirfara smíðavélar.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Árið 2009 fékk Klébergsskóli svipaða niðurstöðu í starfsánægjukönnun borgarinnar og aðrir skólar í borginni að meðaltali.
- fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi“ gildið 4,32 í Klébergsskóla en 92% svarenda voru henni sammála.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 88% svarenda í Klébergsskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum einu sinni í mánuði og vikulegum stigsfundum. Fundað er um þróunarstarf vikulega og Olweusarfundir eru mánaðarlega. Stuttir gæslufundir eru vikulega með almennum starfsmönnum.
- Það kom fram í rýnihópum að þessir fundir gögnuðust ágætlega en misvel þó. Það kom fram að starfsmenn myndu gjarnan vilja fá tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir hvor öðrum.
- Starfsmenn frístundaheimilis sem áður voru starfsmenn ÍTR sjá mikla kosti við að vera orðin hluti af stærri heild og segja samstarfið gott, þau segjast vera miklu betur upplýst um starfsemina en áður.
- Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum, starfsandinn er sagður vera mjög góður og liðsheildin sterk.
- Helstu styrkleikar að mati rýnihóps: Samkennd milli nemenda og kennara og umhyggja gagnvart nemendum. Jákvæðni á meðal starfsfólks og viðhorfið gagnvart starfsfólki almennt. Gott andrúmsloft meðal starfsfólks. Mikill sveigjanleiki og persónuleg þjónusta. Góður húsvörður. Fámennir bekkir. Nánd við náttúruna.
- Það sem mætti bæta: Smæðin líka ókostur ef nemendum líður ekki nógu vel. Samstaða með að virða betur reglur. Skilaboðin þurfa að vera skýr og taka harðar á agabrotum. Styrkja þyrfti faglegt starf og gera það markvissara. Bæta upplýsingastreymi. Óstundvísí starfsmanna. Fjarlægð við borgina vegna samgangna. Neikvætt umtal um skólann í skólasamfélaginu.
- Athuga þarf hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu símenntunaráherslur vetrarins snúa að þátttöku í Byrjendalæsi og þróunarverkefninu *Betra nám á Kjalarnesi* þar sem áhersla er lögð á eflingu læsis og lestrarkennslu.
- Áætlunin gerir ekki grein fyrir leikreglum um símenntun og skilgreinir ekki þátttöku starfsmanna; einstaklinga eða hópa. Einnig vantar nánari skilgreiningar í áætluninni um símenntunina, tímabil og ábyrgð á því að áætluninni sé framfylgt.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 70% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum.
- Um 71% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að símenntunin hefði nýst viðkomandi í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 90% svarenda höfðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.

- Þegar rætt var um símenntun í rýnihópum og viðtölum komu fram þau sjónarmið að sveigjanleiki væri mikill ef fólk vildi sækja sér símenntun, það væri mjög jákvætt tekið í það.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Í síðustu könnun vorið 2009 voru um 92% starfsmanna frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að vinnustaðnum væri vel stjórnað og allar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar voru á styrkleikabili og yfir meðaltali grunnskóla í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum voru almennt jákvæðir gagnvart stjórnendum skólans, samskiptin við þá væru fín, sumum fannst þeir fá mikla endurgjöf á störf sín en aðrir sögðu hana mega vera meiri.
- Það kom einnig fram að upplýsingar um það sem væri að gerast í skólanum mættu berast fyrir til starfsmanna.
- Einnig var nokkuð rætt um viðbrögð vegna agabrota en starfsmönnum ekki tekið nægilega markvisst á þeim og of seint gripið inn í alvarleg hegðunarbrot.

Viðvera starfsmanna

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 3.8 kennsludaga á haustönn 2010.
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

Fjármál

- Klébergsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 og 2010 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994-2002. 2002. Reykjavík. Fasteignastofa ReykjavíkurKlébergssr, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk. Klébergsskóli vorið 2010. Reykjavík: Menntasvið ReykjavíkurKlébergssr.

Sjálfsmatsskýrsla Klébergsskóla 2010-2011.

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Klébergsskóla skólaárið 2010-2011. Klébergsskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010. Reykjavík: Menntasvið ReykjavíkurKlébergssr.

Niðurstöður úr Talnalykli í Klébergsskóla haustið 2009.

Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótt- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Klébergsskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Klébergsskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Klébergsskoli.is

Fylgiskjöl

1. Klébergsskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um starfsáætlun
7. Gátlisti um heimasíðu
8. Gátlisti um skólareglur